



Fjölbreytni í fyrirrúmi

Nýting fjölbreyttara lesefnis í
bókmenntakennslu á unglingastigi með
grunnþætti menntunar að leiðarljósi

Edda Björk Vatnsdal
Hafdís Helga Bjarnadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Fjölbreytni í fyrirrúmi

***Nýting fjölbreyttara lesefnis í
bókmenntakennslu á unglingsstigi
með grunnþætti menntunar að
leiðarljósi***

Edda Björk Vatnsdal
Hafdís Helga Bjarnadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Arngrímur Vídalín

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2021

Fjölbreytni í fyrirrúmi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku, við deild faggreinakennslu,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Edda Björk Vatnsdal og Hafdís Helga Bjarnadóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda

Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Viðfangsefni ritgerðarinnar er bókmenntakennsla á unglíngastigi grunnskóla. Í ritgerðinni er fjallað um hvernig hægt er að nýta fjölbreyttari bókmenntir, líkt og fantasíubækur, í bókmenntakennslu á unglíngastigi grunnskóla, út frá kennslufræðilegu sjónarhorni. Tekinn er fyrir fantasíuþrífleikurinn *Ljónið*, *Nornin* og *Skógurinn* eftir Hildi Knútsdóttur og hann skoðaður út frá grunnþáttum menntunar. Fjallað verður ítarlega um grunnþáttinn læsi og mikilvægi hans, ásamt því verður fjallað um bókmenntir og þá þætti sem snerta bókmenntir á einn eða annan hátt. Að lokum verður greint frá fantasíuþrífleik Hildar og tekin fyrir dæmi um hvernig grunnþættir menntunar birtast og möguleika þess að nýta hann í kennslu. Gengið var út frá rannsóknarspurningunni: *Hvernig er hægt að nýta fjölbreyttara lesefni, líkt og fantasíubækur, í bókmenntakennslu á unglíngastigi og um leið að kenna með grunnþætti menntunar að leiðarljósi?* Niðurstöðurnar leiddu í ljós að fjölbreytni skiptir sköpum í bókmenntakennslu og hefur verið sýnt fram á sterk tengsl áhuga og lestrarfærni, sem og að eftirspurn er eftir fjölbreyttara lesefni, líkt og fantasíubókum.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Lestur	9
2.1 Læsi og lesskilningur	9
3 Bókmenntir	14
3.1 Kennsla og val á bókmenntum	14
3.2 Skólabókasöfn.....	17
3.3 Barna- og unglingsbókmenntir	18
3.4 Furðusögur eða fantasíur?.....	19
4 Hildur Knútsdóttir	23
5 Þrileikurinn: Ljónið, Nornin og Skógurinn	24
5.1 Ljónið	24
5.2 Nornin	25
5.3 Skógurinn	27
6 Grunnþættir menntunar í þrileiknum	29
6.1 Sjálfbærni.....	29
6.2 Heilbrigði og velferð	32
6.3 Lýðræði og mannréttindi	34
6.4 Jafnrétti.....	36
6.5 Sköpun	37
7 Umræður	39
8 Lokaorð	41
Heimildaskrá	43

Formáli

Í gegnum kennaranám okkar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands höfum við fengið innsýn í bókmenntakennslu og séð mikilvægi þess að kennsla sé áhugaverð og val bókmennta fjölbreytt. Við erum eins ólík og við erum mörg og höfum því mismunandi áhuga og langanir. Því er mikilvægt að velja bókmenntir í grunnskóla sem uppfylla kröfur námskrárinnar á sama tíma og þær vekja áhuga nemenda og snerta þeirra raunheim og væntingar. Þá var okkar helsta markmið með þessari ritgerð að leggja höfuðið í bleyti til þess að sjá hvaða möguleikar fælust í nýlegum unglingsbókmenntum og jafnframt veita bæði kennurum og kennaranemum innblástur þegar kemur að fjölbreytni í bókmenntavali.

Við viljum koma fram sérstökum þökkum til allra þeirra sem hafa stutt við bakið á okkur við vinnu þessarar ritgerðar. Þar má nefna leiðbeinanda okkar, Arngrím Vídalín, fyrir góða leiðsögn og ábendingar. Fjölskylda okkar og þeir sem standa okkur næst fá þakkir fyrir aðstoð, stuðning og umburðarlyndi, sérstakar þakkir fær Ása amma. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að lesa yfir og gáfu okkur góð ráð.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 12. maí 2021

Edda Björk Vatnsdal Hafdís Helga Bjarnadóttir

1 Inngangur

Aðalnámskrá grunnskóla hefur frá upphafi verið leiðarvísir til að stuðla að menntun barna. Nokkurskonar samningur sem þjóðin gerir við sjálfa sig um menntamál. Vissulega öðlast einstaklingar menntun á fleiri stöðum, en grundvöllur almennrar menntunar í samfélaginu er tryggður með skólakerfinu. Í Aðalnámskrá eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og loks sköpun. Þessir þættir voru ætlaðir til að kortleggja almenna menntun sem stefnt er að í heildstæðu skólasterfi. Allir grunnþættirnir styðja hver annan og tengjast sín á milli, bæði í menntun og skólasterfi. Hægt er að skapa heildstæða mynd í skólasterfi með því að hafa þá að leiðarljósi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 11-18).

Eins og fyrr segir er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar. Hugtakið læsi er snúið og hefur lengi verið rætt um merkingu þess. Hugtakið hefur verið mikið rannsakað og því hugmyndirnar ekki þær sömu og áður (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 18-19). Við getum þó eflaust öll verið sammála um að læsi er mikilvægur hluti af daglegu lífi okkar allra og hægt er að segja að við getum varla án þess verið.

Forsendur góðs gengis í mörgum námsgreinum má rekja til góðs lesskilnings. Það hefur því mikil áhrif á skólakerfið hvort kunnátta sé til staðar á bóklestri unglunga og þeim atriðum sem verka á hann. Þrátt fyrir það lesa börn og unglingar mun minna en kynslóðirnar gerðu á undanförunum áratugum. Sá hópur sem hefur unun af bóklestri er mun minni en sá hópur sem les aðeins skólabækur. Þetta er ekki aðeins staðan hér á landi, heldur einnig er það staðan í nágrannalöndunum. Þá virðist ekki skipta máli hvort horft er til PISA-rannsókna, ESPAD-rannsókna eða rannsókna hérlendis. Samkvæmt PISA-prófunum er staðreyndin sú að afar sterk tengsl eru milli ánægju af bóklestri og námsárangurs. Samkvæmt alþjóðlegum niðurstöðum standa þau börn sem stunda daglegan lestur bóka sér til kæti að meðaltali einu og hálfu skólaári framur þeim börnum sem ekki stunda hann (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir, 2012).

Þegar litið er til bóklesturs ungmenna á Íslandi áður fyrr má sjá að það lesefni sem börnum bauðst var af trúarlegum toga og var því *Nýja testamentið* aðallesefni barna í langan tíma (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 22-24). Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá, en eftir síðari heimsstyrjöldina skrifuðu íslenskir barnabókahöfundar mikið af afþreyingarbókmenntum. Auk þess bærust í miklum mæli samskonar bókmenntir að utan. Þegar leið á áttunda áratuginn komu til sögunnar bækur sem áttu að endurspegla hversdagsleikann. Á níunda áratugnum komu aftur á móti fram nýjar bækur þar sem

höfundar létu hversdagsleikann sem vind um eyru þjóta (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 315, 316 og 333). Þegar kom fram á tíunda áratuginn flæddu furðusögur yfir íslensk börn og hefur það einungis færst í aukana síðan þá (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013).

Í núgildandi Aðalnámskrá ríkir algert frelsi þegar kemur að bókmenntavali, þar sem hvergi er kveðið á um hvers konar bókmenntatexta eða bókmenntagreinir eigi að taka fyrir (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 94). Hins vegar er kveðið á um í námskránni undir hæfniviðmiðum að nemendur eigi að geta öðlast ákveðna getu í ákveðnum bókmenntagreinum, en þær eru þjóðsögur, ævintýri og ljóð (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 102).

Eins og fram kemur í bók sem er afurð rannsóknarverkefnis sem nefnist *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga*, rannsóknin *ÍNOK*, er bókmenntaval afar líkt milli skóla þrátt fyrir allt það frelsi sem kennarar hafa í hendi sér. Auk þess voru bækur ekki settar fram á aðlaðandi hátt eða hafðar sýnilegar (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 91 og 94). Nú til dags hafa barna-, unglínga- og ungmennabækur aldrei verið fleiri. Þar sem mun meira er í dag af annars konar afþreyingu sem glepur börnin er mun mikilvægara en áður fyrir að þjóða upp á gott lesefni sem nær athygli þeirra. En eins og fram kemur í *ÍNOK*-rannsókninni, eru þess konar bókmenntir fátíðar í grunnskólum landsins. Skoðað var úrval kjörbóka sem nemendur höfðu val um og reyndist meðalaldur þeirra bóka vera þrjátíu og níu ár. Þá er val kennara á bókmenntum vissulega áhugavert miðað við mikinn fjölda útgefinna unglínga- og ungmennabóka síðustu ár og áratugi, en það má einmitt gera ráð fyrir að bækur af þeim toga snerti áhugasvið nemenda og tengist þeim auðveldlega (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 95 og 100).

Tilgangurinn með þessari ritgerð var ekki aðeins að sjá hvernig hægt væri að nýta fantasíubækur til að efla grunnþætti menntunar, heldur einnig þjálfun fyrir okkur sem verðandi kennara við að finna út úr því hvernig við getum háttað bókmenntakennslu þannig að hún nái til sem flestra nemenda. Þá teljum við að með ritgerðinni séum við einnig að þjálfast í að skoða hvaða möguleikar felast í bæði nýju námsefni og bókmenntum til að auka fjölbreytni í kennslu. Jafnframt vonum við að ritgerðin verði öðrum kennurum og kennaranemum innblástur til fjölbreytni í bókmenntavali.

Í þessari ritgerð verður fjallað um grunnþætti menntunar. Þá verður sérstaklega tekinn fyrir grunnþátturinn læsi og skoðað hvernig hægt er að efla hann í grunnskólum landsins með fjölbreyttari tegundum bókmennta í kennslu á unglíngastigi. Skoðað verður hvernig hægt er að kenna grunnþætti menntunar í gegnum bókmenntakennslu, þar sem fantasíuþrífleikur Hildar Knútsdóttur verður í aðalhlutverki.

Fyrsta bókin í þrileiknum hennar nefnist *Ljónið*, önnur *Nornin* og sú síðasta *Skógurinn*. Bækurnar komu út árin 2018, 2019 og 2020 og hafa hlotið miklar vinsældir. Til að mynda fengu þær allar bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana í flokki ungmennabóka. Þá verður skoðað hvernig grunnþættir menntunar birtast í þessum þrileik Hildar um leið og lestur unglunga er hafður að leiðarljósi. Rannsóknarspurningin sem unnið var út frá var: *Hvernig er hægt að nýta fjölbreyttara lesefni, líkt og fantasíubækur, í bókmenntakennslu á unglingastigi og um leið að kenna með grunnþætti menntunar að leiðarljósi?*

2 Lestur

Lykillinn að staðgóðri þekkingu felst í traustri hæfni í móðurmálinu. Ásamt því er lestur forsenda þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu, þar sem lestur er öflugt verkfæri til þess að nálgast ýmsa þekkingu og tjáningu sem finna má bæði í mæltu máli og skrifum. Sjálfstæði er eitt af mikilvægari markmiðum lestrarkennslu, en með því er átt við að nemendur geri sér grein fyrir gæðum lesefnis og sjái hvernig nám, þörf og áhugi tengist vali á lesefni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97 og 99).

Lestur felur í sér flókið og fjölbreytt ferli. Gough og samstarfsfélagar hans settu fram *Einfalda lestrarlíkanið* (e. The simple view of reading) út frá kenningu þeirra sem ætlað var að útskýra það ferli. Með líkaninu er lögð áhersla á að lestur felist í tveimur meginatriðum, annars vegar umskráningu og hins vegar málskilningi. Með umskráningu er átt við þá hæfni að lesa úr bókstafstáknum, en með málskilningi er átt við þá hæfni að skilja lesinn texta. Megininntak kenningarinnar felst í því að lesskilningur og hlustunarskilningur tilheyri sömu grundvallarfærninni. Þannig telst sá einstaklingur ekki læs sem getur aðeins lesið úr bókstafatáknum en ekki skilið textann, þar sem hann skortir skilninginn. Þar af leiðandi þarf að ná tókum á báðum þessum þáttum til þess að teljast læs, þar sem markmið lestrar er að lesandi komist í tengsl við efni textans (Steinunn Torfadóttir, e.d.).

2.1 Læsi og lesskilningur

Það sem myndar kjarna menntastefnunnar eru sex grunnþættir menntunar sem skilgreindir eru í Aðalnámskrá grunnskóla og eru sömuleiðis hafðir að leiðarljósi við gerð hennar. Einn þessara sex grunnþátta er læsi. Meginmarkmið grunnþáttarins er að nemendur séu virkir í að endurskrifa og skapa heiminn með eigin túlkun og bregðist persónulega og skapandi við lestri með því að nýta þá miðla og tækni sem eru innan handar. Í læsi felst meðal annars kunnátta og færni til að færa hugsun í letur og geta skilið prentaðan texta (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 7 og 18-19).

Hugtakið læsi er margþætt og snúið, þar sem það tekur breytingum í sífellu. Læsi hefur víða skírskotun en óhjákvæmilega er það oft túlkað þröngt, rétt eins og flóð tengist fjöru. Sú kunnátta og færni sem er undirstaða þess að geta komið hugsun sinni í letur og skilið texta á prentuðu formi er þrengsti skilningur á hugtakinu læsi. Þættir læsis eru að sama skapi bæði samofnir og verka líka saman. Þar af leiðandi eru hlutverkin mörg, til dæmis að breyta bókstöfum í hljóð, tengja hljóð í orð og síðan nota orðin til að búa til málsgreinar, efnisgreinar, kafla og bækur. Einnig þurfum við að ná að nýta þá reynslu og

upplifun sem við höfum til að geta tengt við það efni sem við lesum. Því mætti jafnvel segja að læsi snúist um tengingu orðanna við lífið sjálft, það sem við túlkum sem raunveruleikann (Stefán Jökulsson, 2012, bls. 6).

Fræðafólk hefur í gegnum tíðina varpað ljósi á hugtakið læsi með rannsóknum sínum og hafa því hugmyndir einstaklinga breyst. Vissulega eru ekki allir sammála um þessar hugmyndir en þó má minnst á nokkur mikilvæg atriði, eins og til dæmis að læsi er félagslegt í eðli sínu og snýst um samkomulag fólks um notkun og merkingu orða. Einnig er læsi háð hefð sem hefur áhrif á færni fólks til að geta öðlast og beitt því út frá aðstæðum, menningu og gildum. Samkvæmt Aðalnámskrá er aðallega tvennt sem felst í hugtakinu læsi, en það er lestur og ritun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 18 og 98). Hins vegar eru hæfniviðmið læsis í Aðalnámskrá ekki skilgreind á einum stað þar sem þau eru flokkuð annars vegar undir lestur og bókmenntir og hins vegar ritun (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 41). Það er því vissulega heldur misvísandi að tilhögunin um hæfniviðmið læsis séu á þennan hátt, þar sem í Aðalnámskrá stangast á við skilgreiningar læsis. Annars vegar er talað um lestur og ritun sem eina heild undir læsi og hins vegar sem tvo sundurslitna þætti. Það er því í rauninni ekkert skrítið að til séu margar skilgreiningar á hugtakinu og að fólk geti ekki komið sér saman um eina skilgreiningu.

Hugtakið *literacy* er notað í alþjóðlegri umræðu yfir það að ráða við upplýsingar, skilja og túlka heiminn. Hér á landi hefur hugtakið ekki fengið viðunandi þýðingu, en er oft álitnið merkja læsi, þó að alþjóðlega hugtakið hafi mun víðtækari merkingu. Hugtökin læsi og lesskilningur eru fremur óljós í íslenskri menntastefnu en í henni er gengið út frá því að læsi sé lesskilningur, lesskilningur sé skilningur og skilningur sé læsi. Þessi hugtök tengjast vissulega á margan hátt en ekki er ráðlegt að slengja þeim saman (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 44).

Rannsóknin *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga (ÍNOK)* snerist um notkun tungumálsins í skólakerfinu og túlkun skólakerfisins á íslenskri tungu og menningu (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 13). Rannsókninni var skipt upp í fimm meginvið sem koma kunnuglega fyrir sjónir, enda í samræmi við Aðalnámskrá. Sviðin voru eftirfarandi: Talað mál og hlustun, lestur, bókmenntir, ritun og stafsetning og að lokum málfræði (Ásgrímur Angantýsson o.fl., 2018, bls. 28-29). Í kjölfar PISA-prófanna 2012 og 2015 sem sýndu heldur slakar niðurstöður myndaðist hávær umræða í samfélaginu. Um það leyti hófst ÍNOK-rannsóknin, en með læsisþætti rannsóknarinnar átti að kanna hvort skólakerfið væri í raun að byggja upp lesendur líkt og Aðalnámskrá gerir ráð fyrir (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 41-42 og 72).

Niðurstöður læsispáttar ÍNOK-rannsóknarinnar leiddu meðal annars í ljós að kennarar höfðu miklar áhyggjur af lestri nemenda en á sama tíma hafi þeir tekið samfélagsumræðunni alvarlega og viljað gera allt sem í þeirra valdi stendur til að laða nemendur að lestri. Einnig kom í ljós að hægt væri að gera betur þegar kæmi að því að hafa áhugavert lesefni aðgengilegt í skólastofum. Í viðtölum við kennara mátti finna sömu þrástefin og voru í almennri umræðu og jafnvel hjá sumum nemendum. Lélegur textaskilningur, minnkandi úthald til lestrar, lestrarleti og vaxandi þörf fyrir léttara lesefni voru þau atriði sem komu nær alltaf að einhverju leyti fram í viðtölum kennara. Sem dæmi taldi einn kennari sig þurfa að benda rannsakanda á þá staðreynd að áhugaleysi drengja væri raunveruleiki í þjóðfélaginu. Opinbera umræðan var því staðfest af kennurum og hafði ef til vill mótandi áhrif á viðhorf þeirra til nemenda sinna. Þá mætti jafnvel velta fyrir sér hvort að þessi umræða út frá PISA-prófunum sé farin að hafa mótandi áhrif á sjálfsmynd nemenda sem lesenda. Kennararnir áttu það sameiginlegt að reyna allar leiðir til að kveikja áhuga nemenda sinna á lestri og einn fór óvenjulega leið til að útskýra þörfina með því að líkja hvatningu til lestrar við fíkniefnasölu, þar sem í báðum tilfellum snerist þetta um að koma fólki á bragðið (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 72-73).

Áhugi á bókum verður hvað sem öðru líður fyrst til á heimili barns og því hafa uppalendur og aðstæður á heimilinu áhrif á lestrarvenjur barnsins. Hægt er að segja að sum börn séu lestrarhestar, en þau börn eru líklegri til að vera uppalin við lestur á heimilinu. Í þeim tilfellum er bæði lesið fyrir þau, eða almennt lesið í þeirra nánasta umhverfi heima við. Rannsóknir sýna að á Íslandi og í öðrum nágrannalöndum er aðeins lítill hópur barna sem hefur unun af lestri bóka og stór hluti barna les ekki neinar bækur aðrar en skólabækur. Lestur barna á síðastliðnum árum er því mun minni en lestur barna á undangengnum áratugum. Á Íslandi opnar fjórða hvert barn ekki bók utan skóla og fær því ekki þá ánægju sem fylgir bóklestri, en hann er ein undirstaða lesskilnings (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012).

Lesskilningur er hugtak sem reynst hefur flókið að skilgreina, þar sem um er að ræða heldur flókið ferli sem inniheldur margvíslega hugræna úrvinnslu. Lesskilningur byggist á því efni sem notast er við, ásamt æfingu og aga. Það geta því verið margir áhrifaþættir sem liggja á bak við erfiðleika barna við lesskilning. Ástæðan fyrir því að lesskilningur sé oft og tíðum breytilegur er vegna áhrifa frá lestrarfærni þess sem les og þátttöku lesandans í að ráða úr merkingu ritmálsins (Lesskilningur, e.d.).

Það safn orða sem einstaklingur býr yfir er það sem nefnist orðaforði. Hægt er að skipta orðaforða í tvo flokka, annars vegar virkan orðaforða og hins vegar óvirkan

orðaforða. Fyrirnefndi flokkurinn inniheldur þau orð sem við notum í daglegu tali og er sá flokkur töluvert minni en sá síðarnefndi. Þau orð sem við notum ekki mikið í daglegu tali en höfum samt sem áður skilning á þegar við lesum eða heyrum þau flokkast undir óvirkan orðaforða (Freyja Birgisdóttir, e.d.).

Forsenda lesskilnings er góður málskilningur og er undirstaða málskilnings falin í orðaforða. Þar af leiðandi þarf bæði góður málskilningur og orðaforði að vera til staðar til að öðlast lesskilning. Undirstaða lesskilnings er lögð þegar börn eru mjög ung. Sú leið sem hefur hvað mest áhrif á að efla orðaforða er bæði að lesa fyrir og ræða við börn um það sem lesið er. Með hækkandi aldri geta börn haft unun af margvíslegu lesefni og þannig öðlast enn betri orðaforða. Ef allt gengur eftir geta börn og ungmenni notið góðs af yndislestri til bæði gagns og ánægju. Í ritmáli er að finna fjölbreyttari orðaforða en í hefðbundnu daglegu tali og eru orðin skiljanlegri þar sem samhengi er til staðar. Þá er einnig nákvæmari orðaforði í barna- og unglingabókum heldur en finna má í sjónvarpsefni sem ætlað er börnum og ungmönnum. Staðreyndin er sú að málskilningur verður betri og ekki síður lesskilningur með því að lesa mikið, en þeir þættir eru einmitt undirstaða læsis. Því öðlast þau börn sem lesa mikið eða lesið er mikið fyrir meiri og betri orðaforða heldur en þau börn sem ekki tilheyra þessum fyrirnefnda hópi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.).

Það sem felst í góðri lestrarfærni er annars vegar grundvöllur náms ævina á enda og hins vegar færni til þess að finna upplýsingar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Með lestrarfærni sköpum við lífsgæði sem í tæknivæddum nútímasamfélögum teljast eftirsóknarverð. Þessi færni er ekki aðeins gagnleg þegar kemur að náms- og atvinnumöguleikum fólks, heldur líka í öllum þeim aðstæðum sem koma fyrir í upplýsinga- og samskiptasamfélagi. Hvort sem um er að ræða lestur dagblaða, bankaviðskipti eða tölvusamskipti. Þessi færni er því nauðsynleg en á sama tíma einkonar gæfusmiður að eftirsóknarverðu lífi einstaklings (Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Jóhanna Ella Jónsdóttir og Sigurgrímur Skúlason, 2011, bls. 13). Þessir þættir gera okkur því mögulegt að geta verið virkir þátttakendur, bæði í lífi og menningu þjóðarinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Það er því ekki að undra að læsi sé einn af sex grunnþáttum menntunar.

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum þegar kemur að kröfum samfélagsins til lestrarfærni. Textarnir sem við höfum aðgang að eru orðnir fjölbreyttari og birtast ekki einungis á prenti heldur líka á rafrænu formi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 98). Það liggur því í augum uppi að lestrarvenjur barna og unglínga hafa tekið miklum breytingum síðustu áratugi. Því lesa unglíngar oft

texta af veraldarvefnum heldur en bækur. Þá vilja sumir halda því fram að gagnvirk netnotkun sé orðin hluti af skólastarfi þegar kemur að læsi (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir, 2012). Hafa þarf þó í huga að efni á vefmiðlum er yfirleitt ekki ritrýnt eða ritstýrt. Því þarf lesandinn að nota gagnrýna hugsun til þess að vega og meta þær upplýsingar sem þar er að finna og áreiðanleika þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 98-99).

PISA-prófin hafa sýnt fram á að lesskilningur og áhugi á bóklestri tengist náið. Því getur ánægja af lestri bóka sagt til um árangur barna á PISA-prófunum. Munurinn á þeim börnum sem daglega stunda bóklestur sér til kæti og þeim börnum sem lesa ekki daglega er mikill. Fyrirnefndi hópurinn stendur um einu og hálfu skólaári framur en sá síðarnefndi. Í löndum þar sem lesskilningur er að meðaltali betri en á Íslandi er áhugi barna á lestri bóka áberandi meiri en hérlendis. Það er því ekki að furða að forsenda þess að ganga vel í mörgum námsgreinum liggur í góðum lesskilningi (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012).

3 Bókmenntir

Fagurbókmenntir hafa allt frá tímum Forn-Grikkja til dagsins í dag verið hluti af námsefni á öllum skólastigum. Þrátt fyrir það hafa orðið miklar breytingar á þessum langa tíma. Eins og flest mannanna verk er tilgangur og framkvæmd bókmenntakennslu í skólum háð annars vegar tíma og hins vegar sögulegum aðstæðum í hverju samfélagi (Guillory, J., 1993).

Fram á 19. öld sá kirkjan um alla formlega menntun alþýðu og voru kristilegar bókmenntir það lesefni sem börnum bauðst. Helsta lesefni sem notast var við fram á 20. öld við lestrarkennslu var *Nýja testamentið*, en það var aðgengilegt á langflestum heimilum landsins. Lesefni sem hefði hentað betur fyrir börn, til að mynda vegna stærra leturs, var aftur á móti síður aðgengilegt (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 22-24).

Á Íslandi voru sett fram fræðslulög árið 1907 sem tóku gildi ári seinna. Þessi lög höfðu afdrifarík áhrif á menntun barna og út frá því mynduðust nýjar námsgreinar og nýtt námsefni. Þá urðu breyttar áherslur þar sem trúarmiðuð uppeldismarkmið viku fyrir veraldlegum og þjóðlegum markmiðum (Ólafur Rastrick, 2008b, bls. 163). Við setningu þessara laga var markmiðið að mennta alla þjóðina, en ekki aðeins þá útvöldu. Íslendingar voru að þessu leyti eftirbátar nágrannaþjóða sinna, þar sem viðlíka lög höfðu löngu tekið gildi þar, eða um það bil hálfri til heilli öld fyrr (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 85).

3.1 Kennsla og val á bókmenntum

Ólíkt nágrannalöndum okkar hefur bókmenntakennsla verið lítið rannsökuð hér á landi. Aftur á móti hefur læsi og lestur barna verið mikið rannsakaður um langt skeið. Þrátt fyrir að bókmenntakennsla sé talin viðamesti hluti íslenskunnar, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum, þá eru ekki til nein fræðirit um bókmenntakennslu á íslensku á þeim skólastigum, hvorki þýdd né frumsamin. Til eru yfirlitsrit um bókmenntasögu, en þar er lítið fjallað um bókmenntakennslu og fela þau frekar í sér frumrannsóknir á bókmenntasögu. Þó hafa komið út greinar um bókmenntakennslu í bókarköflum, tímaritum og rannsóknum, en þar mætti nefna fagtímaritið *Netlu* (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 83 og 126-127).

Fyrstu tvo áratugin eftir að fræðslulögin tóku gildi var *Lesbókin* eftir Guðmund Finnbogason, Jóhannes Sigfússon og Þórhall Bjarnarson helsta lesbókin sem notuð var í kennslu á móðurmáli. Fram yfir 1920 var mikill skortur á öðru lesefni og því marglásu börn *Lesbókina*. Við lok þriðja áratugar gaf Jón Ófeigsson út mikið lesarkasafn en það náði þó ekki að koma í stað *Lesbókarinnar* (Ólafur Rastrick, 2008a, bls. 184). Árið 1924 kom út

bókin *Íslensk lestrarbók 1400-1900* og var það Sigurður Nordal sem valdi efni hennar. Áherslur bókarinnar voru bæði þjóðernislegar og bókmenntasögulegar. Þessi bók átti eftir að hafa mikil áhrif á kennslu í bókmenntum í skólum landsins og var kennd bæði í unglingaskólum og framhaldsskólum í um þrjá aldarfjórðunga (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 85). Úrval lesbóka jókst þegar kom fram á fjórða áratuginn og við lok hans komu til að mynda út *Lestarbækur* í sex flokkum á vegum Ríkisútgáfunnar. Þessar lestrarbækur áttu eftir að vera aðallesefni í móðurmálskennslu í langan tíma á eftir (Ólafur Rastrick, 2008a, bls. 184).

Árið 1976 kom út ný námskrá en í fyrsta skipti undir heitinu *Aðalnámskrá grunnskóla*. Námskráin var heils áratugar afrakstur af starfi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Aðalnámskráin var mjög breytt frá fyrri námskrám þar sem róttækar breytingar urðu á námsgreinum, viðfangsefnum og settar voru fram kennslufræðilegar nýjungar ætlaðar kennurum. Það var því ákveðin hugmyndafræði að baki þessarar námskrár (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008, bls. 120). Með þessari nýju Aðalnámskrá grunnskóla árið 1976 urðu miklar breytingar í bókmenntakennslu, þar sem áhersla var lögð á jákvætt viðhorf barna til bóka og bóklesturs með frelsi til þess að leyfa þeim að lesa það sem þau langaði til. Með þessum breytingum voru lögð drög að heildstæðri móðurmálskennslu, þar sem málfræði og bókmenntir þjónuðu þessum nýju markmiðum. Þessi námskrá hafði afdrifarík áhrif á þær námskrár sem komu í kjölfarið. Námskrárnar 1989, 1999 og 2011 enduróma þessar áherslubreytingar. Í nýjustu námskránni, Aðalnámskrá 2013, er þó að finna áherslubreytingar, þar sem nemendur eiga ekki aðeins að öðlast þekkingu heldur er megináhersla á að þeir öðlist hæfni til að afla sér þekkingar (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 86).

Íslendingar eru samstíga nágrannaþjóðum sínum í þessari nýju áherslubreytingu. Þegar kemur aftur á móti að bókmenntakennslu er staðan önnur. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð komu fram kraftmiklar umræður upp úr síðustu aldamótum um hugtakið *kanónu*. Það hugtak felur í sér „úrval bókmennta í hverju þjóðríki fyrir sig sem álitid er kjarni þjóðarbókmenntanna“ (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 87). Í framhaldi af þessari umræðu ákváðu Danir að breyta námskránni og voru opinberar kanónur settar inn fyrir hvort skólastig, þ.e. grunnskóla og framhaldsskóla. Ráðherraskipuð nefnd sá um að setja saman lista yfir þau bókmenntaverk og var markmiðið að styrkja vitund nemenda á sögulegan hátt. Norska námskráin fór millivegin og er þar ítrekað mikilvægi þess að nemendur kynnist helstu verkum bókmenntasögu Noregs frá ákveðnum tímabilum. Einnig að þeir geti sett þessi verk í sögulegt samhengi, bæði menningarlega og bókmenntalega

séð. Því má segja að íslenska og danska námskráin séu ólíkustu námskrár Norðurlandanna (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 87).

Í þeim námskrám sem komið hafa út frá árunum 1929-2007 er aðeins námskráin frá árinu 1948 sem inniheldur vísun í tiltekið námsefni. Þó er að finna lista yfir löggiltar kennslubækur í námskránni frá árinu 1929 (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008, bls. 123). Það sama má segja um nógildandi námskrá, en hún einkennist af algeru frelsi þegar kemur að bókmenntavali. Til að mynda er ekki sagt til um hvers konar bókmenntatexta eigi að taka fyrir, ekki einu sinni bókmenntagreinar (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 94). Hins vegar er kveðið á um í námskránni undir hæfniviðmiðum að nemendur eigi að geta öðlast ákveðna getu í ákveðnum bókmenntagreinum, en þær eru þjóðsögur, ævintýri og ljóð (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 102). Þrátt fyrir það frelsi sem kennarar hafa í höndum sér leiddi ÍNOK-rannsóknin í ljós að bókmenntaval milli skóla var ansi líkt. Einnig leiddi rannsóknin í ljós að bókmenntasaga og sögulegt samhengi bókmennta er ríkjandi í skólum landsins, sér í lagi í framhaldsskólum, þrátt fyrir að fá lítið vægi í Aðalnámskrá (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 94).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er íslenskuhlutanum skipt í fjóra meginflokka og er lestur og bókmenntir einn þeirra. Undir hverjum flokki má finna hæfniviðmið sem nemendur eiga að uppfylla við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla ber nemanda að geta við lok 10. bekkjar „beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 96-97 og 102), þar sem tilvalið er að nota bókmenntafræðileg hugtök og rýni til þess að auka skilning nemenda í eldri bekkjum grunnskóla á bókmenntum og innihaldi þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Samkvæmt ÍNOK-rannsókninni virtust sumir kennarar forðast umræðu um bókmenntafræðileg hugtök í kennslu sinni. Einn kennari nefndi að þar sem lítil bókmenntafræði væri kennd kæmst þessi hugtök ekki fyrir í kennslunni (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 116).

Í ÍNOK-rannsókninni voru nemendur spurðir um eigin lestrarvenjur. Nemendur voru meðal annars spurðir hvort þeir gætu samsamað sig eða einhverja sem þeir þekktu bókmenntum. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að slíkt var ekki algengt. Þá virtust nemendur gjarnan tengja lærdóm, verkefni og próf við bókmenntir frekar en innlifun, skemmtun eða lestrarvænir. Það má því velta fyrir sér hvort bókmenntaval hafi áhrif á þessa fremur neikvæðu upplifun nemenda. Í íslenskum grunnskólum eru barna-, unglinga- og ungmennabækur fátíðar, en ætla má að slíkar bókmenntir tengist raunheimi nemenda á grunnskólaaldri og veki þar sömuleiðis áhuga (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 100).

3.2 Skólabókasöfn

Skólasöfn hafa í gegnum tíðina farið inn og út úr lögum. Í grunnskólalögum frá 1995 er kveðið á um skólasöfn en aftur á móti í grunnskólalögum árið 2008 er hvergi kveðið á um þau. Árið 2011 voru grunnskólalögin endurskoðuð og voru skólasöfn hvergi nefnd í fyrstu drögum. Út frá þessu mynduðust talsverðar umræður og blaðaskrif þar sem skólasöfn og framtíð þeirra var höfð í hávegum. Þann 11. apríl árið 2011 lagði Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, fram frumvarp til nýrra grunnskólalaga þar sem skólasöfn höfðu verið endurvakin. Þessar breytingar tengdi mennta- og menningarmálaráðherra við nýja aðalnámskrá, en þar gegndu skólasöfn mikilvægu hlutverki (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011).

Í núgildandi Aðalnámskrá segir: „Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 49). Miðað við þessa lýsingu má segja að skólasöfn gegni mikilvægu hlutverki við menntun barna.

Út frá þeim usla sem myndaðist um skólasöfn í grunnskólalögum ákvað Félag íslenskra bókaútgefenda árið 2010 að stofna skólasafnasjóð. Markmiðið með þeim sjóði var að beina sjónum að þeim mikla niðurskurði sem varð á framlögum til allra skólasafna grunnskóla hér á landi. Í kjölfarið gaf félagið út yfirlýsinguna: „Skólabókasöfnin eru hornsteinar lestrarhvatningar íslenskra barna en þau hafa orðið hart fyrir barðinu á niðurskurði að undanfögnu” (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011, bls. 133).

Í rannsókn Brynhildar Þórarinsdóttur (2011) um skólabókasöfn á krepputímum kom skýrt fram áhyggjuefni starfsfólks safnanna þegar kom að skorti á peningum til bókakaupa á barna- og unglingabókum til yndislestrar. Svör viðmælenda voru samhljóða þegar kom að innkaupum bóka. Einungis var hægt að kaupa fá eintök af vinsælum bókum og minna keypt af „hefðbundnum” barnabókum ætluðum til yndislestrar. Einn viðmælandi Brynhildar hitti naglann á höfuðið um þetta ástand með því að segja: „Við getum ekki keypt yndislestrarbækur nema í mjög litlum mæli. Við erum að reyna að byggja upp lestrarkunnáttu sem undirstöðu náms en getum ekki haft yndislestrarbækur” (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011, bls. 136). Þrátt fyrir það töldu allir viðmælendur styrk úr skólasafnasjóði Félags íslenskra bókaútgefenda skipta sköpum og nýttu margir styrkinn í kaup á nýjum barnabókum (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011).

Í ÍNOK-rannsókninni var fjallað um skólasöfn og reyndist ástand þeirra enn vera slæmt í flestum grunnskólum landsins. Til að mynda voru bækurnar heldur gamlar og ekki

gerðar sýnilegar eða aðlaðandi. Þegar bókmenntaúrval eldri og nýrra kjörbóka var skoðað, sem nemendur höfðu val um mátti sjá að meðalaldur þeirra var þrjátíu og níu ár. Aðeins fimm bækur af tuttugu og sex voru gefnar út eftir árið 2000, þrátt fyrir að vera flokkaðar sem nútímabókmenntir. Í ljósi þess hve mikið og gott úrval unglunga- og ungmennabóka hefur verið gefið út síðustu ár og áratugi er val kennara á bókmenntum vissulega áhugavert (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 95).

3.3 Barna- og unglungabókmenntir

Þegar kemur að uppeldi og menntun barna er gildi barnabóka margskonar, svo sem menningarlegt, listrænt, menntunar- og uppeldislegt. Fremst í flokki er þó skemmtigildi, en allt blandast þetta saman og eflir hvert annað. Fyrst og fremst er barnabókin heimur sjálfstæðis og fer sínar eigin leiðir. Þegar kemur að ræktun málsins og framvindu læsis þjóna barnabækur mikilvægu hlutverki. Ritmálið er ólíkt talmálinu sem er mun hversdagslegra. Í ritmálinu er að finna ítarlegra, formfastara og margslungnara mál (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.).

Á áttunda áratugnum andaði köldu í garð íslenskra barnabóka. Umræða um íslenskar barnabækur tók nýja stefnu í kjölfar háværra radda. Barnabókahöfundar hér á landi höfðu hamast við að skrifa afþreyingarbækur sem samsömuðu sig verkum erlendis frá. Á sama tíma fór að berast til landsins frá Skandinavíu marxísk umræða um afþreyingarbækur, en þær þóttu bæði „forheimskandi og slævandi“. Barnabókmenntir tengdust ekki aðeins sósíalisma, heldur var önnur fylking, kvennapólitík líka þar á meðal. Þessar fylkingar notuðu barnabækur til þess að hafa mótandi áhrif á ungmenni alla ævi og þannig frelsa þau frá heimi ráðandi skoðana og hefðbundins uppeldis. Í framhaldinu af umræðunni og því sem var að eiga sér stað á Norðurlöndunum kom ný tegund barnabóka til sögunnar. Ólíkt fyrri bókum sem gjarnan gerðust í fortíðinni eða í sveit, líkt og bækurnar um Hönnu Maríu eftir Magneu frá Kleifum, áttu þessar nýju barnabækur að endurspegla hversdagsleikann með því að gerast í þéttbýli og styrkja þannig eigin hugsun ungra lesenda og styðja við þau í daglegu lífi. Þessar bækur áttu einnig að vera bæði sögulegar og pólitískar. Þá áttu bækurnar ekki aðeins að endurspegla raunveruleika þeirra sem höfðu nóg á milli handanna og lifðu áreynslulausu lífi, heldur þeirra sem lifðu fábrottnara lífi sem gera átti bækur áhugaverðari. Í framhaldinu komu til að mynda bækur þar sem söguefnið var skilnaðarbörn, börn alkóhólista eða einstæðinga, þar mætti nefna bók Andrésar Indriðasonar, *Lyklabarn* sem kom út árið 1979, og bók Olgu Guðrúnar

Árnadóttur, *Vegurinn heim* sem kom út árið 1982 (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 315-322).

Íslenskir höfundar hafa lengi vel skrifað bækur sem náð hafa til unglunga. Annars vegar vegna innihalds sem unglingar tengdu við og hins vegar vegna persóna verkanna sem unglingar gátu samsamað sig við. Bækurnar um Dóru eftir Ragnheiði Jónsdóttur eru dæmi um bækur sem ekki voru ætlaðar unglingum, þrátt fyrir að sögupersónan sé að ganga sín fyrstu skref að fullorðinsárum, þar sem litið var svo á að börn sem komin voru í fullorðinna manna tölu ættu að geta lesið verk ætluð fullorðnum. Með tímanum átti ungt fólk aftur á móti erfiðara með að tengjast raunheimi þeirra fullorðnu. Olga Guðrún Árnadóttir markaði djúp spor í sögu íslenskra unglungabóka með bók sinni *Búrið* sem kom út árið 1977. Þar náði hún til ungmenna með öðrum hætti en áður hafði tíðkast. Þá vakti bókin gríðarlega athygli, en á sama tíma gekk hún fram af þeim fullorðnu (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 352-353).

Allt frá fyrsta fari hefur almennt viðhorf til íslenskra unglungabóka verið niðrandi, þar sem þær eru jafnan taldar lítils virði og slæmar bókmenntir. Í greininni „Mýtan um bókabjórðina og unglungabókmenntir á Íslandi“ nefnir Þuríður Jóhannsdóttir að slíkar bækur séu ekki lesnar í skólum landsins. Þá segir hún einnig að skólarnir sýni skýrt hversu lítils virði þær eru með því að leyfa nemendum að velja sér hvaða lesefni sem er, svo lengi sem það er ekki unglungabók (Þuríður Jóhannsdóttir, 1995). Það uppgötvaðist þó um leið og unglungabækur komu fyrst upp á yfirborðið að mikil eftirspurn var eftir þess konar bókmenntum, enda markaðurinn stór. Það varð raunin árum saman, þar sem þessar bækur héldust á toppi metsölulista árlega (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 353).

Hvað sem öðru líður fóru einhverjir þeirra höfunda sem uppi voru á níunda áratugnum að skrifa öðruvísi bækur með því að snúa sér aftur til fyrri tíma afþreyingarbóka eða bóka þar sem höfundar létu hversdagsleikann sem vind um eyru þjóta (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 333). Lengi vel hafa viðhorf gagnvart furðusögum verið heldur neikvæð, en síðustu ár hafa furðusögur náð auknum vinsældum. Þessar bókmenntir hafa gjarnan verið flokkaðar sem unglungabókmenntir, en eru þær ekki síður fyrir fullorðna. Margir höfundar hafa sent frá sér bækur sem flokka má sem furðusögur og er Hildur Knútsdóttir þar á meðal (Katrín Lilja Jónsdóttir, 2020).

3.4 Furðusögur eða fantasíur?

Það sem einkennir fantasíubækur er að nýr heimur er kynntur til leiks, sem getur annars vegar tengst okkar nútíma raunheimi eða öðrum gerviheimi sem nær út fyrir sögu

mannkynsins og á sína eigin sögu, reglur og samfélag. Undur og stórmerki, forynjur og furðudýr er dæmi um orðaforða sem fellur undir þess konar skáldskap. Þessi orðaforði er enn að ryðja sér til rúms á Íslandi og er jafnvel undarlegur að mati margra Íslendinga (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013).

Á Íslandi hefur furðuskáldskapur ekki náð fótfestu, ólíkt því sem gengur og gerist erlendis. Þá hafa bókmenntafræðingar ekki komið upp sérstöku flokkunarkerfi fyrir bókmenntaflokkinn þar sem þá skortir efnivið til að flokka. Margs konar hugtök hafa verið í umferð hér á landi, eins og tæknitryllar, ævintýri, draugasögur, vísindaskáldsögur, staðleysusögur, kynjasögur, furðusögur, hrollvekjur og fantasíur. Íslenska skáldsagan er mun yngri en sú á meginlandi Evrópu, eða um 300 árum. Meginlandið býr því yfir heldur gamalli skáldsagnahefð. Frá upphafi hafa skáldsögur meginlands Evrópu einkennst af furðum og ævintýrum. Hins vegar búum við ekki yfir þessum ævaforna furðuarfi skáldsagna hér á landi. Áhugavert er að þjóð, líkt og við, sem kemur af löngum og glæsilegum sagnaarfi furðuverka, galdra og tákna hafi ekki nýtt sér þessa arfleifð í skáldskap sínum. Einnig virðist vera að íslenskir höfundar séu tregir til að tengja skáldskap sinn þessum furðuskáldskap (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013).

Sigrún Eldjárn skrifaði þrileik um Teit tímaflakkara, en þær komu út árin 1998, 1999 og 2001. Bækurnar eru dæmi um ævintýralegar vísindaskáldsögur. Sögusvið bókanna eru á mismunandi tímasteiðum Íslandssögunnar, þ.e. nútíð, fortíð og framtíð (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 333). Vísindaskáldsögur hafa verið skrifaðar í litlum mæli hér á landi en aftur á móti hefur hrollvekjan notið mikilla vinsælda, sérstaklega í barnabókum (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013). Illugi Jökulsson hefur gefið út nokkrar barnabækur. Hann skrifaði til að mynda bækurnar *Platafmæli*, *Litli skógarbjörninn* og *Kanínusaga*. Þessar fyrstu bækur Illuga eru samkvæmt honum hryllingssögur, en þó misvel dulbúnar (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 348-349).

Þrátt fyrir það hefur fantasían dafnað í íslenskum barnabókum og notið ómældrar velgengni. Annað slagið síðustu fimmtíu árin hafa verið gefnar út skáldsögur og smásögur sem flokka mætti til furðusagna. Bylgja þeirra reið ekki yfir landið fyrr en um þrjátíu árum síðar, þá fyrst í barnabókum en síðar fyrir þá sem komnir voru á fullorðinsár. Furðusögur flæddu yfir börn á Íslandi á tíunda áratugnum. Höfundar á borð við Kristínu Steinsdóttur og Illuga Jökulsson voru þar á meðal (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013). Dæmi um okkar fegurstu fantasíur eru bækurnar um Blíðfinn eftir Þorvald Þorsteinsson. Fyrsta bókin um Blíðfinn, sem kom út árið 1998 og nefnist *Ég heiti Blíðfinnur en þú mátt kalla mig Bóbó*, heillaði lesendur með undursamlegri veröld. Næsta bók um Blíðfinn, *Ert þú Blíðfinnur? Ég er með mikilvæg skilaboð*, fylgdi fast á eftir tveimur árum seinna, árið 2000.

Einnig skrifaði Heiður Baldursdóttir þrjár vandaðar fantasíubækur ætlaðar börnum, fyrsta nefnist *Álagadalurinn* og kom út árið 1989, ári seinna kom *Leitin að demantinum eina* og sú þriðja *Galdur steinsins* kom út árið 1993. Bók Andra Snæs Magnasonar, *Sagan af Bláa hnettinum*, sem gefin var út árið 1999 er ein af þeim barnabókum sem naut hvað mestra vinsælda og virðingar í þó nokkur ár (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 339 og 347-350). Árið 1989 féll Berlínarmúrinn og má segja að þá hafi opnast nýr heimur. Einmitt það ár kom út bókin *Álagadalurinn* sem nefnd er hér að ofan, en sú bók opnaði nýjan furðuheim fyrir börn á Íslandi (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013). Einnig gaf Iðunn Steinsdóttir út bókina *Gegnum þyrnigerðið* árið 1991, en þar er afleiðingum falls Berlínarmúrsins lýst á fantasíulegan hátt (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 337).

Útgáfufyrirtækin *Bókabeitan* og *Rúnatýr* voru sérstaklega stofnuð til þess að einblína á útgáfu furðusagna. Því fyrra var ætlað að gefa út furðusögur fyrir börn en því síðara fyrir fullorðna. Bæði voru þessi útgáfufyrirtæki stofnuð af rithöfundum sem hafa einbeitt sér að þessari tegund bókmennta. Fyrsta bókmenntahátíðin hér á landi sem tileinkuð var furðusögum var haldin haustið 2012 (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013).

Ensk tunga hefur haft mikil áhrif á furðusögur hér á landi og eru jafnvel einhverjar þeirra á ensku máli. Til að mynda gefur íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP út bækur sem eiga sér stað í þeirra söguheimi, en þar á meðal er skáldsaga eftir Hjalta Daníelsson sem nefnist *EVE: The Burning Life* og kom út árið 2010 (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013).

Enn þann dag í dag stöndum við sem lesendur, bókmenntafræðingar og rithöfundar frammi fyrir því að vera ekki komin með fasta mynd eða hefð fyrir þessari bókmenntagrein í skáldskap hér á landi. Í grein Brynhildar, sem kom út fyrir átta árum þegar þetta er ritað, kemur fram að öld furðusagna hér á landi sé nú að hefjast og muni blómstra næstu árin (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2013). Það er einmitt raunin, þar sem síðustu ár hefur mikið magn af furðusögum komið fram á sjónarsviðið.

Fantasíur hafa á síðustu árum orðið sífellt vinsælli hér á landi jafnt sem annars staðar. Í rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2006) var gerð athugun á lestri og tólmstundavenjum nemenda í 10. bekk. Rannsóknin var gerð í tveimur skólum í Reykjavík og voru þátttakendur 107 talsins, 55 stúlkur og 52 drengir. Í rannsókn hennar komu í ljós vinsældir fantasíubókmennta meðal ungmenna. Þegar þátttakendur voru spurðir um þrjár bestu bækurnar sem þeir höfðu lesið nefndu þátttakendur bókina *Harry Potter* fjörutíu sinnum, *Hringadróttinssögu* 26 sinnum, en fast á eftir komu *Englar alheimsins* sem nefndir voru 25 sinnum. Af þessum þremur bókum og bókaflokkum sem nefndir voru flokkast

tveir þeirra undir fantasíubókmenntir, en athyglisvert er að allar þessar þrjár bækur hafa verið kvikmyndaðar. Þá voru þátttakendur einnig spurðir um hvaða þrjár bókmenntapersónur væru eftirminnilegar. Nefndar voru margar persónur en langvinsælastar voru Harry Potter, Páll í *Englum Alheimsins*, Fróði í Hringadróttinssögu og Erlendur rannsóknarlögreglumaður í bókum Arnaldar Indriðasonar. Áhugavert er að tvær þessara persóna eru úr fantasíubókmenntum, en langoftast eða 43 sinnum var Harry Potter nefndur og átta sinnum Fróði úr Hringadróttinssögu (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006).

4 Hildur Knútsdóttir

Hildur Knútsdóttir er fædd árið 1984 í Reykjavík. Hún hefur skrifað fyrir bæði börn og fullorðna, svo sem bækur, leikrit og smásögur. Þá hafa skrif hennar hlotið fjölmargar viðurkenningar og verðlaun, til að mynda Íslensku bókmenntaverðlaunin og Fjöruverðlaunin - Bókmenntaverðlaun kvenna. Hildi eru hugleikin femínísk málefni og er einnig virkur þátttakandi í baráttu gegn loftslagsbreytingum (Hildur Knútsdóttir, e.d.). Þá tekst henni að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í mörgum af sínum verkum, en nær þó að koma þeim þannig til skila að lesandi upplifi það ekki sem áróður.

Hildur hefur skrifað ýmsar fantasíubækur ætlaðar unglíngum, svo sem bækurnar *Vetrarfrí* og *Vetrarhörkur* sem komu út árin 2015 og 2016. *Vetrarhörkur* er síðari hluti sögunnar sem hófst í bókinni *Vetrarfrí*, en sú bók naut mikilla vinsælda. *Vetrarfrí* hlaut Fjöruverðlaunin 2016, annað sæti í Bókmenntaverðlaunum starfsfólks bókaverslana, tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, tilnefningu Barnabókaverðlauna Reykjavíkur og einnig sæti á heiðurslista IBBY 2018. *Vetrarhörkur* hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2017, Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Reykjavíkur. Báðar bækurnar hafa verið gefnar út bæði á frönsku og tékknesku, en útgáfuréttur bókanna hefur einnig verið seldur til Danmerkur og Makedóníu. Ásamt því hefur verið seldur kvikmynda- og sjónvarpsréttur til RVK studios (Hildur Knútsdóttir, e.d.).

Aðeins tveimur árum síðar gaf Hildur út fyrsta hluta fantasíuþrileiksins *Ljónið*, *Nornin* og *Skógurinn* sem komu út árin 2018, 2019 og 2020. Bækurnar þrjár hafa allar verið tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlotið Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana í flokki ungmennabóka. *Ljónið* fékk einnig Barnabókaverðlun Reykjavíkurborgar og *Skógurinn* var tilnefndur til sömu verðlauna (Hildur Knútsdóttir, e.d.).

5 Þríleikurinn: Ljónið, Nornin og Skógurinn

Bækurnar *Ljónið*, *Nornin* og *Skógurinn* fjalla um þrjár kynslóðir kvenna, þar sem sögupersónan Kría er mestmegnis í sviðsljósinu. Í fyrstu bókinni er Kría ung stúlka í menntaskóla sem eyðir miklum tíma með ömmu sinni, Gerðu. Í þeirri næstu er aðalpersónan dótturdóttir hennar Alma sem er menntaður garðyrkjufræðingur og gerist sagan í framtíðinni. Í þriðju og jafnframt síðustu sameinast Kría og Gerða í hinum dularfulla heimi eftir að hafa gengið í gegnum dularfullan skáp.

Þessar þrjár kynslóðir kvenna eiga það allar sameiginlegt að einhver dularfull og jafnframt heillandi persóna nálgast þær. Sú persóna leikur því stórt hlutverk í bókunum þremur og skilur eftir sig stór spor í lífi þeirra. Þessar bækur hafa að geyma ýmsan fróðleik og boðskap. Í bókunum er tekið á ýmsum málefnum líðandi stundar, svo sem loftslagsmálum, stríðsátökum og framandi tækni, ásamt almennum hlutum sem snerta unglinga í daglegu lífi.

5.1 Ljónið

Ljónið er sem fyrr segir fyrsta bókin í þríleik Hildar Knútsdóttur. Bókin fjallar um unga stúlku sem heitir Kristín og er alltaf kölluð Kría. Sagan er sögð í þriðju persónu en út frá sjónarhorni hennar. Í upphafi bókarinnar er hún að hefja nám við Menntaskólann í Reykjavík, en þangað er hún nýlega flutt ásamt foreldrum sínum frá Akureyri. Í menntaskólanum kynnist Kría stelpu sem heitir Elísabet Snæhólm. Þær verða bestu vinkonur og í gegnum hana kynnist hún einnig tveimur öðrum stelpum, þeim Úlfhildi og Snæfríði. Á Akureyri hafði hún aðeins átt eina vinkonu, Theu, en það slitnaði upp úr vinskapi þeirra sem varð ein af ástæðunum fyrir flutningi fjölskyldunnar suður.

Elísabet býr í stóru og gömlu timburhúsi sem stendur á Skólastræti, en það hafði verið í eigu fjölskyldu hennar til fjölda ára. Kría fer að taka eftir ýmsu sérkennilegu við hús Elísabetar, en þar eru ýmsir krókar og kimar þar sem mikið er af skápum. Einn daginn finnur Elísabet nýjan skáp sem hún hafði ekki séð áður. Í skápnum er skríni sem inniheldur bæði hárkamba og mynd af stúlku. Aftan á myndinni af stúlkunni stendur Sýlvía Snæhólm, ágúst 1937. Stúlkun reynist vera systir ömmu hennar, en allir ættingjar Elísabetar sem mögulega geta svarað spurningum um þessa stúlku eru látnir. Vinkonurnar Kría og Elísabet ákveða að komast að því hvað hafi orðið um þessa stúlku. Í ljós kemur að stúlkun hafi horfið af sjómannadagsfögnuði aðeins tólf ára gömul og aldrei fundist. Það var aftur á móti einn handtekinn grunaður um morð á stúlkunni. Hann hélt fram sakleysi og framdi

sjálfsmorð í kjölfarið. Amma Kríu, Gerða, reynist vita meira um Sylvíu heldur en hún hefur áður látið í ljósi.

Kría kynnist strák sem heitir Davíð í einu af menntaskólateitunum sem haldið er í húsinu hennar Elísabetar. Hún veit þó mjög lítið um hann og virðist ekki neinn annar kannast við hann. Davíð fer að koma í laumi til Kríu í tíma og ótíma. Hann virðist ekki átta sig vel á tímanum og verður hissa þegar Kría tjáir honum hversu langt er síðan hann kom síðast. Davíð virðist ekki eiga síma og vill ekki gefa upp margar upplýsingar um sjálfan sig. Þau skiptast á leyndarmálum og segir Davíð henni að hann sé „ekki sinn eigin herra“ sem Kría skilur ekki og fær ekki nánari útskýringu á.

Einn daginn reynir Davíð að fara með Kríu í herbergi Elísabetar, þegar hún er ekki heima. Þegar þangað er komið situr amma Gerða inni í herberginu og virðast þau þekkjast. Gerða segir honum að taka sig, þar sem hann hafi alltaf ætlað að gera það. Þau ganga saman inn í fataskápinn og þegar Kría ætlar að hlaupa á eftir þeim er fataskápurinn orðinn að venjulegum fataskáp aftur. Þegar Kría leggst síðan upp í rúm sama kvöld finnur hún bréf undir koddanum frá ömmu Gerðu. Bréfið inniheldur útskýringu á því sem gerðist með Sylvíu og tengslum þeirra vinkvenna við Davíð. Hún segir henni að hún eigi allt lífið framundan og biður hana afsökunar á því að hafa ekki sagt henni frá öllu fyrr.

5.2 Nornin

Nornin er önnur bókin í þrileik Hildar Knútsdóttur. Bókin fjallar um unga stúlku sem heitir Alma Khan. Sagan er sögð í þriðju persónu líkt og *Ljónið*, út frá sjónarhorni hennar, en Alma er dótturdóttir Kríu, aðalpersónu fyrstu bókarinnar. Sagan gerist árið 2096, sjötíu og níu árum eftir að Gerða fór inn í skápinn. Þrátt fyrir að sögusviðið sé það sama er það talsvert breytt þar sem sagan á sér stað í framtíðinni. Alma er nítján ára gömul stelpa sem er menntaður garðyrkjufraeðingur.

Fyrst um sinn starfar hún við baunaframléiðslu í baunahúsinu ásamt samstarfsfélaganum sínum, Rafha. Hún er síðan flutt til í starfi tímabundið, þar sem hún verður aðstoðarkona eiganda gróðurhúsanna, Ducaróvu. Ásamt því að aðstoða hana, sér hún um einkagróðurhús hennar, sem hefur að geyma mikið af sjaldgæfum plöntum. Ducaróva er heldur fræg, þar sem hún hefur farið til plánetunnar Mars, ásamt Kríu.

Sagan gerist í framtíðinni þar sem tímarnir hafa breyst mikið. Alma ferðast leiðar sinnar með lest líkt og flest annað fólk sem tilheyrir þessum tíma. Í einstaka tilvikum ferðast fólk með bíl. Fólksfjöldinn hefur hraðaukist, þar sem mikið af fólki hefur flust til landsins, bæði vegna loftslagsmála en einnig vegna stríða. Fólk gengur um með kuðung í

eyranu sem gerir þeim kleift að skilja öll þau tungumál sem töluð hafa verið á jörðinni. Þannig geta allir átt samskipti við hvern annan, óháð uppruna. Þegar kemur að barneignum þarf sérstakt leyfi og eru fáir sem fara þá leið í lífinu. Fyrir þá sem hafa náð sextugsaldri er í boði meðferð sem yngir fólk og er Kría ein af þeim sem fer í þá meðferð.

Alma kynnist stelpu sem heitir Indra og kemur úr flóttamannabúðum. Alma og Indra verða ástfangnar og fara að eyða nánast öllum sínum tíma saman. Alma verður á vissan hátt heltekin af Indru og getur ekki ímyndað sér lífið án hennar. Einn daginn kemur upp að henni stúlka í stigaganginum að nafni Sara og segist hafa verið að flytja inn í íbúðina á móti. Sara fer að reyna að eiga í meiri samskiptum við Ölmum og fer að venja komur sínar fyrir utan dyrnar hjá henni á ýmsum tímum sólarhringsins. Það finnst Ölmum sérstakt og stendur því Ölmum beinlínis stuggur af henni, þar sem henni finnst Sara hegða sér undarlega og hafa óþægilega nærveru.

Sprenging verður á vinnustað Kríu þar sem hún er að vinna að lyftu til Mars, stuttu eftir að Alma hafði verið þar í heimsókn. Miklar afleiðingar verða út frá sprengingunni, þannig að fólk bæði særast og lætur lífið. Kría kemst þó lífs af og heldur vinnu sinni ótrauð áfram. Í heimsókninni hitti Alma bæði Rafha og Indru fyrir tilviljun og kemst seinna að því að þau hafi verið ábyrg fyrir sprengingunni.

Í gegnum árin hefur Kría farið árlega með dóttur sína, Ástrósu, og barnabarnið sitt, Ölmum, í ferð fyrstu helgina í júní. Í þetta skipti leggur hún mjög ríka áherslu á að allir mæti. Á sama tíma á hins vegar að blómstra mjög sjaldgæf planta í gróðurhúsinu og kemst því Alma ekki í þessa ferð. Amma Ölmum tekur þá til þess bragðs að koma suður til þess að sjá plöntuna blómstra og verja tíma með Ölmum. Wu Lián, sem er ritari Sameinuðu þjóðarinnar, ætlaði einnig að koma að sjá plöntuna blómstra.

Alma segir Indru að Wu Lián sé væntanleg í heimsókn til að sjá plöntuna. Indra segir Ölmum þá frá þeirri áætlun að hún ásamt öðrum ætli að sprengja Wu Lián og biður Ölmum um aðstoð. Alma veit ekkert hvernig hún á að bregðast við þar sem hún bæði elskar Indru og vill ekki missa hana, en á sama tíma vill hún ekki gera öðrum mein og er ekki sérlega hliðholl málstað Indru.

Daginn sem Wu Lián og Kría eru væntanlegar í heimsókn fer Alma heim til sín til að ræða við Indru. Þegar hún er komin að íbúðinni sinni gengur Sara í veg fyrir hana og blæs á hana einhverju dufti. Það verður til þess að Alma hefur enga stjórn á eigin líkama og gerir allt það sem Sara segir henni. Sara fer með hana inn í gamalt og stórt hús við Skólastræti, sem er í eigu Kríu. Sara fer með hana beint upp á efstu hæðina sem er undir súð og inn í herbergi þar. Þegar þær koma inn heyrir hún rödd sem hún kannast við. Þá kemur í ljós að Kría er þar inni og segist hafa vitað að Sara myndi snúa aftur, en vísar þá til hennar sem

Davíðs. Kría tekur það ekki í mál að Sara fari með Ölmum og segir henni að taka sig í staðinn. Kría og Sara ganga síðan saman inn í skápinn. Alma fréttir að gróðurhúsin hafi verið sprengd og að allt hafi eyðilagst og heyrir Alma aldrei frá Indru framar. Amma Ölmur erfir hana að húsinu við Skólastræti og ráðleggur henni að rífa húsið. Einnig skilur Kría eftir minnislykil sem inniheldur ótrúlega sögu um þrjár stúlkur, dreng sem heitir Davíð og húsið í Skólastræti.

5.3 Skógurinn

Skógurinn er lokabindi þríleiks Hildar Knútsdóttur. Bókin fjallar um það sem leynist handan við dularfulla skápinn í gamla húsinu við Skólastræti. Sagan er sögð í þriðju persónu, út frá sjónarhorni aðalpersónunnar, Kríu, sem var einnig aðalpersónan í þeirri fyrstu. Bækurnar tvær á undan fléttast því skemmtilega inn í *Skóginn*, þar sem margt úr þeim bókum sem var á huldu kemur í ljós í þeirri síðustu.

Þegar Kría gengur í gengum skápinn með Söru/Davíð þá breytist margt. Líkami hennar verður aftur eins og hún væri orðin sextán. Samt sem áður býr hún að allri sinni visku og reynslu eins og hún sé enn gömul kona. Umhverfið í þessum heimi er einnig allt öðruvísi. Himinninn er rauðgylltur, trén dökk og á kvöldin verður himinninn dökkrauður og á honum blikar stór, blá stjarna. Einnig finnst Kríu erfitt að hreyfa sig og er eins og vöðvar hennar hafi rýrnað.

Fljótlega eftir að Kría kemur inn í þennan nýja dularfulla heim hittir hún ömmu Gerðu aftur. Amma Gerða er einnig ung, líkt og á gamalli ljósmynd sem Kría hafði átt. Endurfundirnir eiga sér stað þegar Gerða bjargar Kríu úr blómi sem Davíð hafði ýtt henni ofan í. Í blóminu safnast upp vökvi, en amma Gerða nær að skera blómið áður en Kría gleypir vökvann og verður skógurinn ekki sáttur við það. Ólíkt Kríu, þá gleypir Gerða vökvann þegar hún kom fyrst og hefur hún getað eftir það fundið það sem skógurinn hugsar með því að koma við trén. Gerða tekur Kríu að sér og fer með hana í þorp sem hún hefur búið í síðustu árin.

Í þorpinu dvelja þær um stund þar til þær ákveða að fara saman og leita að Sylvíu og lenda þær í ýmsum ævintýrum við leitina. Eina nóttina vaknar Kría við það að Gerða er þakin hvítum þráðum sem komu úr kristöllum í hellinum og þurfti hún að taka þræðina af Gerðu til að vekja hana. Einn daginn sjá þær hvítar verur sem þær höfðu verið varaðar við. Þegar verurnar koma að þeim sjá þær Sylvíu á einni þeirra. Þá verða miklir fagnaðarfundir milli Gerðu og Sylvíu. Þær fara síðan með Sylvíu þangað sem hún býr. Saga Sylvíu reyndist vera eins og hjá þeim og hafði hún einnig drukkið vökvann úr blóminu, líkt og Gerða.

Sylvía er hins vegar ennþá reið og sár við Gerðu og verður því stirt á milli þeirra. Gerða og Kría ákveða því að fara einar í skóginn og reyna að stöðva hann.

Daginn eftir þegar þær búast til brottfarar kemur í ljós að Sylvía ætlar með þeim. Þær stefna að því að drepa móðurtréð, þar sem það sé leiðin til að stöðva skóginn. Á fluginu sjá þær glitta í eitthvað sem þær kannast við og þegar þær koma nær sjá þær húsið hennar Sylvíu/Elísabetar standa í skóginum og fara þangað inn. Kría fer upp að skápnum og opnar hann. Þar finnur hún bréf frá Ölmú, dótturdóttur sinni. Bréfið er eins konar kveðjubréf, en þar þakkar Alma henni fyrir allt og segir henni frá því hvernig hlutirnir urðu eftir að hún fór.

Í bréfinu segir Alma frá svepp sem hafði komið upp í gróðurhúsinu og allar plönturnar eyðilagst. Kríu dettur því í hug að þær geti eytt skóginum með svipuðum hætti og telur að hægt væri að nota kristallana úr hellinum. Þá væri hægt að setja kristalinn á móðurtréð, sem myndi síðan dreifast og eyða öllum skóginum. Planið breytist hins vegar aðeins þegar þær koma auga á Davíð. Það verða átök sem verður til þess að Sylvía snertir eitt tréð, sem vekur skóginn. Í þessum látum dettur Gerða af baki og heldur ein rót móðurtrésins henni fastri. Hún nær þó að slá kristalnum í rótina og við það róast allt. Þá birtist Davíð og gengur að rótinni sem þá opnast, en inni er stúlka.

Í ljós kemur að stúlkan er systir Davíðs en rótin hafði tekið hana. Eftir það varð Davíð ekki sinn eigin herra þar sem skógurinn stjórnaði honum og þess vegna eru þær í þessum heimi. Gerða hjúkrar systur Davíðs aftur til heilsu. Gerða og Sylvía ákveða að búa saman áfram í þessum heimi. Kría ákveður að gera slíkt hið sama og játar ást sína fyrir Davíð og hann sömuleiðis. Í lok sögunnar segir Davíð henni að þau geti farið saman og skoðað aðra heima.

6 Grunnþættir menntunar í þríleiknum

Þegar horft er til íslenskrar bókmenntasögu má sjá hvernig barna- og unglingabókahöfundar, líkt og aðrir höfundar, fjalla um þann tíðaranda sem viðgengst hverju sinni. Höfundar hafa vissulega ólíkan tilgang með gerð hvernar bókar. Óhætt er að álykta að allir hafi þeir eitt sameiginlegt markmið, og það er að vekja áhuga lesanda þannig að efnið sé honum hugleikið og hlaðið merkingu. Því eru gjarnan tekin málefni líðandi stundar og fléttuð inn í bókmenntir með það að markmiði að hreyfa við því tiltekna málefni. Það getur verið vandasamt verk að velja bækur í kennslu sem uppfyllir kröfur námskrárinnar. Þríleikur Hildar Knútsdóttur, *Ljónið*, *Nornin* og *Skógurinn*, rímar einmitt við alla grunnþætti menntunar.

Það að börn og ungmenni geti byggt sig upp til að verða læs á umhverfi sitt og samfélag, má segja að sé einn af grunnþáttum menntunar. Grunnþættirnir snúast jafnframt um að nemendur hafi eitthvað að segja um framtíð þess samfélags sem þeir tilheyra. Hugsunin á bakvið þessa grunnþætti menntunar er sú að þeir séu sýnilegir í allri framkvæmd skólastarfs í landinu, þar á meðal að hægt sé að láta sérhæfingu virka óháð námsgreinum og skólastigum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 16-17).

Hér að ofan hefur verið reifað á grunnþættinum læsi sem gegnir stóru hlutverki þegar kemur að bókmenntum og verða því næst teknir fyrir hinir fimm grunnþættir menntunar og fjallað um hvernig þeir birtast í bókunum þremur. Grunnþættirnir eru ríkjandi í öllum bókunum og hægt að finna fjölmörg dæmi um hvernig þeir birtast. Það verður því stiklað á stóru í umfjölluninni og því ekki tæmandi listi. Markmiðið er samt sem áður að sýna fram á hversu mikið hægt er að nýta úr bókunum til kennslu á unglingastigi, jafnvel miðstigi, í grunnskólum landsins.

6.1 Sjálfbærni

Sjálfbærni er einn sex grunnþátta menntunar og jafnframt má segja að sjálfbærni sé eitt leiðarstefið í þríleik Hildar Knútsdóttur. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla snýst sjálfbærni um:

„samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast

þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 17-18).

Samkvæmt 29. gr. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012 er hlutverk loftslagssjóðs „að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga” (Lög um loftslagsmál nr. 70/2012). Hildi Knútsdóttur eru líkt og fram hefur komið hugleikin ýmis mikilvæg málefni líkt og loftslagsmál, og er hún til að mynda formaður loftslagssjóðs. Hildur hugar að loftslagsmálum í öllum sínum daglegu athöfnum: „ég myndi segja að allt sem ég geri mótist að einhverju leyti af manngerðri hamfarahlýnun,” sagði hún til að mynda í viðtali við Sverri Norland. Þá reynir hún að beita þrýstingi í öllum aðstæðum, til að mynda með því að fjalla um loftslagsbreytingar, bæði í töluðu og rituðu máli og vera virkur þátttakandi þegar kemur að skipulagningu og þátttöku í mótmælum (Sverrir Norland, 2019).

Loftslagsmál spila stóran þátt í þrífleik Hildar Knútsdóttur. Í fyrstu bókinni, *Ljóninu*, er sögusviðið Reykjavík eins og við þekkjum hana í dag. Sem dæmi gengur aðalsögupersónan, Kría, í Menntaskólann í Reykjavík og býr í miðbæ Reykjavíkur. Vegna þess að sögusviðið er kunnugt lesandanum eru lýsingar á umhverfi og aðstæðum ekki mjög áberandi. Aftur á móti skipta þessar lýsingar og þekking lesandans miklu máli í bókunum sem á eftir koma, til að átta sig á þeim afleiðingum sem verða á umhverfinu. Í *Norninni*, sem er önnur bók þrífleiksins, er sögusviðið orðið allt annað en það sögusvið sem var einkennandi í þeirri fyrstu. Sögusviðið úr *Ljóninu* er að miklu leyti komið undir sjávarmál og miðbærinn sem einkenndi sögusviðið áður er nú girtur af og húsin þar að morkna í seltu. Þar virðast persónur sögunnar heillast af því liðna, þ.e. fortíðinni. Alma, sem er aðalsögupersóna *Nornarinnar*, hefur einskonar draumóra um þann tíma sem Kría amma hennar ólst upp á. Þá reyndi hún að setja sig í spor ömmu sinnar og hvernig það hefði verið að búa í heimi þar sem jafnvægi ríkti og margar milljónir bjuggu:

„Stundum ímyndaði Alma sér hann eins og paradís; heim allsnægta þar sem allt mátti og allt var hægt. En sannleikurinn var auðvitað sá að amma hennar hafði ekki alist upp í raunveruleika, hún hafði alist upp í draumi. Heimur hennar hafði verið eins og figúra sem Alma sá einu sinni í eldgamalli teiknimynd; hún hafði hlaupið fram af bjargbrún án þess að átta sig á því og gat tekið nokkur skref í loftinu einu saman. En svo höfðu lögmál eðlisfræðinnar gripið inn í, eins og þau gera alltaf á endanum, og heimurinn hafði fallið fram af brúninni. Og hann var enn í frjálsum falli” (Hildur Knútsdóttir, 2019, bls. 164).

Með þessu má álykta að Alma upplifi að þeir sem á undan henni voru hafi sofnað á verðinum vegna þess sem var að gerast, eins og til dæmis með hækkun sjávar. Þarna er höfundur sömuleiðis að koma þeim skilaboðum áleiðis að aðgerðir séu nauðsynlegar í þessum málum. Þá þurfum við að gera eitthvað samstundis, þar sem annars gæti það orðið of seint til að koma í veg fyrir að þessi heimur verði okkar framtíð.

Í *Norninni* er árið 2096 sem segir okkur það að á tæplega 80 árum verði miklar breytingar. Þar hefur Hildur búið til framtíð sem einkennist af miklum afleiðingum loftslagsbreytinga. Þá hefur heimurinn mikið breyst þar sem fólk hefur þurft að yfirgefa heimili sín vegna hækkandi yfirborðs sjávar, þurrks, hita eða vegna stríðsátaka þar sem afleiðingarnar urðu þannig að heilu þorpin þurrkuðust út. Söguhetja bókarinnar býr til að mynda í blokkaríbúð í Breiðholti, sem henni þykir ekki fögur sjón en huggar sig við það að hún sé örugg: „Þarna þurftu þau að minnsta kosti ekki að óttast flóð, annað en þeir sem þráuðust við að búa í neðri byggðum þrátt fyrir að öllum mætti vera ljóst að það væri bara tímaspursmál hvenær sjórinn heimti sitt“ (Hildur Knútsdóttir, 2019, bls. 13-14). Það er enginn sem getur sagt til um það hvað framtíð okkar ber í skauti sér, en samt sem áður er þessi framtíðarsýn Hildar áþreifanleg. Hún fléttar inn í söguþráðinn raunhæfum þáttum sem geta vel orðið að okkar raunveruleika í framtíðinni, til að mynda að búið sé að finna upp lyf sem kemur í veg fyrir öldrun og lyftu til að komast yfir á aðra plánetu. Með þessu sýnir hún fram á að framför og þekking mannsins sé stutt á veg komin, en að við munum samt sem áður finna lausnir við þeim loftslagsvanda sem við stöndum frammi fyrir. Sú sýn sem blasir við okkur núna er ef til vill ekki bjartsýn, en framtíðin er þess virði að berjast fyrir.

Í fyrstu bókinni, *Ljónið*, er einnig fjallað um þær loftslagsbreytingar sem við stöndum frammi fyrir, en þó ekki á jafn alvörugefinn máta eins og gert er í *Norninni*. Móðir Kríu, Ragnheiður, er verkfræðingur og vinnur við að spá fyrir um loftslagsbreytingar og áhrifin sem þau munu geta haft á borgina. Ragnheiður var búin að spá fyrir um að hækkun sjávar yrði þegar Kría væri orðin gömul kona og leggur hún það í hendur kynslóðar Kríu að leysa þennan vanda. Með orðum Ragnheiðar virðist ekki fylgja mikil sektarkennd, þar sem vandamálið er ekki hennar þar sem hún verður ekki á lífi þegar vandamálið verður að raunveruleika. Þessi hugsun Ragnheiðar er einmitt sú hugsun sem algeng er í nútímasamfélagi. Það má því velta fyrir sér hvort að höfundur sé með þessu að reyna að opna á þessa tilteknu umræðu og hvers vegna hún sé til staðar. Þar sem þeir fullorðnu geta ekki sett alla þessa ábyrgð á börnin.

Í fyrstu tveimur bókunum er mikil og áberandi umræða um heimsmál og tengingin við grunnþáttinn *sjálfbærni* því heldur augljós. Í *Skóginum* virðist lesandinn ekki verða var

við umhverfisvanda líkt og í fyrri bókunum. Þessi undarlegi heimur virðist því vera nokkuð fullkominn heimur þar sem ekki er til að mynda loftslagsvandi og virðast lífnaðarhættirnar þar vera gjörólíkir þeim sem finna má í *Ljóninu* og *Norninni*. Til að mynda þurfa þorpsbúar að afla sér sjálfir matar og deila matnum sínum á milli. Þá geta þeir ekki tekið eins og þá lystir, heldur þurfa að sýna umburðarlyndi: „En þau verða að passa sig að taka ekki of mikið, sagði Gerða. Það verður að vera... ka. Jafnvægi. Annars hverfa þræðirnir og fólkið sveltur“ (Hildur Knútsdóttir, 2020, bls. 104).

Bækur Hildar Knútsdóttur eru dæmi um bækur sem kjörið er að taka fyrir í skólum landsins til að efla grunnþáttinn sjálfbærni. Með slíkri menntun geta einstaklingar glímt við þau viðfangsefni sem ná til þeirra þátta sem spila saman og snúa að þróun samfélagsins. Þeir þættir eru umhverfislegir, félagslegir og efnahagslegir. Hugtakið *sjálfbærni* er gjarnan túlkað þannig að við látum frá okkur umhverfið eins og við komum að því. Sem og að koma til móts við þarfir okkar samtíma með það í huga að útiloka ekki möguleika þeirra sem á eftir okkur koma til að fullnægja eigin þörfum. Ólíkt þessari skilgreiningu, er áherslumunur á þeirri hefðbundnu. Þar af leiðandi getur þessi munur verið túlkaður í skólastarfi þannig að allir hjálpist að til að koma litlu hlutunum í lag, þar sem ekki er alltaf hægt að bíða eftir einhverri allsherjar breytingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 19-20).

Til þess að nemendur öðlist skilning á mikilvægi þess að fara eftir markmiðum og hugmyndum sjálfbærrar þróunar þurfa þeir að kunna skil á og meta náttúruna að verðleikum, bæði vegna hennar sjálfrar og þess gildis sem hún hefur fyrir mannkynið. Þar undir eru mörg verkefni, svo sem loftslagsbreytingar, lífbreytileiki og verndun umhverfisins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 20).

6.2 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði grundvallast á þrenns konar vellíðan, þ.e. andlegri, líkamlegri og félagslegri. Þessi vellíðan stjórnast af bæði aðstæðum og umhverfi einstaklings. Þar sem börn og ungmenni eyða meginhluta dagsins í skólanum þurfa skólarnir að ýta undir vellíðan nemenda. Einnig er mikilvægt að koma upp jákvæðum skólaanda og heilsusamlegu umhverfi þar sem ótrautt er hlúð að þroska og heilbrigði frá mismunandi sjónarmiðum. Innan heilbrigðis eru margir þættir, en þar á meðal tilfinningaskilningur, bæði eigin og annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 23).

Þegar kafað er ofan í þrileik Hildar Knútsdóttur má sjá að tilfinningar spila stórt hlutverk og hafa mikil áhrif á persónurnar. Í upphafi bókarinnar *Ljónið* er Kría að hefja

nám við Menntaskólann í Reykjavík, en þangað var hún nýlega flutt ásamt foreldrum sínum frá Akureyri. Atburður tengdur Kríu, sem átti sér stað á Akureyri varð til þess að fjölskyldan flutti suður. Andleg heilsa Kríu hafði mikil áhrif á hana þar sem hún var í stöðugum ótta við að nýju vinirnir í Reykjavík og krakkarnir í skólanum myndu komast að leyndarmálinu um hvað gerðist á Akureyri. Þegar Kría fer í busapartí kemur strákur upp að henni og byrjar að tala við hana. Þá spyr hann hvort hún sé ekki frá Akureyri og hvort það hafi ekki orðið eitthvað atvik þar: „Kría starði á hann. Hún fann hvernig allur litur hvarf úr andlitinu. Hún opnaði munninn til þess eins að loka honum aftur, eins og fiskur á þurru landi” (Hildur Knútsdóttir, 2018, bls. 61). Í lok bókarinnar fær Kría loks kjark til að opinbera leyndarmálið sitt við vinkonur sínar og kemst þá að því að vinkonur hennar vissu leyndarmálið þá þegar. Þá áttaði Kría sig á því að hún hefði ekki þurft að halda þessu leyndu: „Og þar með virtist það útrætt. Þetta sem Kría hafði farið með eins og mannsmorð, þetta sem henni hafði fundist að hún myndi deyja ef þær kæmust nokkru sinni að. En svo ypptu þær bara öxlum” (Hildur Knútsdóttir, 2018, bls. 389). Eftir að hafa loksins sagt frá leið henni svo miklu betur og er hægt með því dæmi að sýna mikilvægi þess að tala opinskátt um hlutina og byrgja þá ekki inni, þar sem það vindur einungis upp á sig.

Einnig má sjá dæmi í *Norninni* hvernig grunnþættinum bregður fyrir þegar kemur að menntun Ölmú. Alma er menntaður garðyrkjufræðingur, ólíkt öðrum jafnöldrum sínum sem fóru í háskólanám. Hún er því byrjuð að vinna og er með starf í gróðurhúsi sem staðsett er á Hellisheiðinni. Alma upplifir sig minna virði en jafnaldrar hennar sem sækja háskólamenntun. Henni finnst hún eiga lítið sameiginlegt með þeim og einangrar sig frá þeim:

„Gamli stingurinn gerði vart við sig. Hann kom alltaf á milli neðstu rifja og stakkt inn í eitthvað líffæri sem hún ætti kannski að vita hvað hét. Og myndi ábyggilega vita nafnið á ef hún hefði farið í háskólann. Og það var einmitt það sem stingurinn snerist um” (Hildur Knútsdóttir, 2019, bls. 47).

Það sama má segja um síðustu bókina *Skóginn*. Grunnþáttinn má tengja við andlega líðan íbúa skógarins, þar sem þeim er haldið í eins konar gíslingu af skóginum sjálfum: „Skógurinn hefur vaxið á ógnarhraða, hann hefur gleypst allt sem fyrir honum verður. Þau hata skóginn og þau eru hrædd við hann” (Hildur Knútsdóttir, 2020, bls. 130).

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir: „Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra

menningarsamfélaga og minnihlutahópa” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Þá læra nemendur með lestri bókmennta að skilja tilfinningar annarra, sem er mjög mikilvægur þáttur. Í þrileik Hildar er hægt að finna mörg dæmi um margar og flóknar tilfinningar og áhrif þeirra á andlega líðan sögupersóna, og geta lesendur sett sig í spor þeirra, en það tengist grunnþættinum *heilbrigði og velferð* náíð. Mikilvægur þáttur í velferð er einmitt að líða vel í eigin skinni.

6.3 Lýðræði og mannréttindi

Grunnþátturinn *lýðræði og mannréttindi* rímar einnig vel við þrileik Hildar. Eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla felur lýðræði í sér ólík sjónarmið einstaklinga til siðferðilegra álitamála og að láta samfélagsmál sig varða (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21). Alma, sem er aðalsögupersónan í *Norninni*, er lítið að velta fyrir sér stóru heimsmálunum og lætur sig þau lítið varða. Þrátt fyrir það eiga bæði foreldrar hennar og móðuramma, Kría, töluverðan þátt í að móta heiminn vegna starfsvettvangs þeirra. Hennar sýn breytist aftur á móti þegar hún kynnist Indru, sem er andstæðan við Ölmú. Þrátt fyrir ungan aldur er Indra mjög lífsreind, en hún ólst til að mynda upp í flóttamannabúðum og hefur því þurft að hafa meira fyrir lífinu og upplifað margt sem Alma hefur ekki gert. Indra hefur mikla réttlætiskenn og brennur fyrir lýðræði og mannréttindum, en einnig kraumar í henni mikil reiði gagnvart þeim sem hafa völd. Þá er hún ekki hrædd við að láta skoðanir sínar í ljós:

„Við berum öll ábyrgð, Alma. Enginn er of lítill eða aumur. Það geta allir gert eitthvað sem skiptir máli. Eina leiðin til þess að verða valdalaus er að telja sér trú um að maður sé það. Það er kannski auðveldara að lifa þannig, með höfuðið í sandinum, en það er heigulsskapur. Þá erum við að skorast undan ábyrgðinni sem við berum. Hvert og eitt okkar” (Hildur Knútsdóttir, 2019, bls. 247-248).

Indra er með þessu að segja við Ölmú að við sem samfélag getum ekki lokað augunum fyrir þeim vanda sem liggur í augum uppi og þar sé enginn undanskilinn. En það rímar við það sem Aðalnámskrá kveður á um: „Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21).

Þegar líður á *Nornina* kemur það upp úr kafinu að Indra er hryðjuverkamaður og að hún hafi til að mynda borið ábyrgð á sprengingunni sem varð á vinnustað Kríu, ömmu Ölmú. Einnig er markmið Indru að mótmæla þeim aðgerðum sem stjórnvöld standa fyrir

með því að sprengja ritara Sameinuðu þjóðarinnar. Alma er því sett í vonda stöðu þar sem hún neyðist til að taka ákvörðun um að annað hvort fylgja Indru eða sitja hjá. Með þessum ólíku skoðunum og öfgakenndu gerðum vekur Hildur lesendur til umhugsunar um þessi mikilvægu málefni, lýðræði og mannréttindi, og jafnframt hvetur þá til að mynda sér skoðun. Hildur er samt sem áður ekki að hvetja til ofbeldis sem slíks, heldur er hún að reyna að ganga fram af lesendum til að opna augu þeirra við þessum stóra vanda sem við búum við. Auk þess eru margir einstaklingar á okkar tímum sem eiga harma að hefna gagnvart alþjóðasamfélaginu sem verður til þess að þeir verða öfgafullir aðgerðasinnar, líkt og Indra.

Í *Ljóninu* rannsaka Kría og vinkona hennar Elísabet hvarf á Sylvíu frænku hennar. Þær komast að því að tuttugu og þriggja ára gamall maður að nafni Már Örlygsson hafi verið grunaður um að hafa myrt stúlkuna, en lík hennar fannst aldrei. Sönnunargögn í málinu voru loðin og hélt hann fram sakleysi sínu allan tímann. Þrátt fyrir það var hann dæmdur í fjórtán ára fangelsi. Þremur mánuðum eftir að hann fékk dóminn svipti hann sig lífi í fangaklefanum. Þetta dæmi úr bókinni er gott dæmi um brot á mannréttindum og fellur það vel að grunnþættinum þar sem nemendur geta vegið og metið með siðferðislegum hætti þetta tiltekna mál.

Þorpsbúar í *Skóginum* eru á vissan hátt undirgefnir skóginum. Þar sem það er í raun hægt að líkja skóginum við einræðisherra. Þorpsbúar upplifa því ekki lýðræði og mannréttindi, heldur lifa þeir í stöðugum ótta að skógurinn muni taka yfir þorpið þeirra. Jafnframt ríkir mikil heift og hatur í garð skógarins, sem er eðlilegt í aðstæðum sem þessum. Kría og Gerða ákveða að reyna að stöðva skóginn og með því eru þær að láta samfélagsmál sig varða með því að reyna að bjarga þorpinu.

Þrífleikur Hildar, þá sérstaklega *Nornin*, fjallar á skýran hátt um *lýðræði* sem er mikilvægt viðfangsefni í skólum. Skólar þurfa fyrst og fremst að kenna bæði börnum og ungmennum að þau geti verið hluti af lýðræðislegu samfélagi og þess vegna er nauðsynlegt að fræða þau um hvað felist í slíku samfélagi. Menntastofnanir þurfa að bera virðingu fyrir innra gildi hvers einstaklings í öllum vinnubrögðum, en það felur einnig í sér virðingu gagnvart réttindum manna og að eiginleikar og þroskamöguleikar einstaklinga séu samþykktir. Stór þáttur í lýðræðislegri menntun felst í þremur þáttum, en þeir eru gildismat, skoðun og siðferði, en þeir tvinnast samtímis við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber skylda að efla viðhorfið að samfélagið sé lýðræðislegt og einstaklingar beiti gagnrýninni hugsun og hafi framtíðarsýn (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21).

6.4 Jafnrétti

Með jafnréttismenntun er keppt að því að efla möguleika allra á því að vaxa og dafna á eigin vegum, rækta eigin hæfileika og hafa umburðarlyndi, jafnrétti, frið, skilning og víðsýni að leiðarljósi. Þegar kemur að skólastarfi eiga allir að vera virkir þátttakendur í að búa til samfélag þar sem bæði jafnrétti og réttlæti er ríkjandi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21-22).

Jafnrétti er að finna á ýmsum stöðum í þrileik Hildar. Skýrt dæmi um jafnrétti má finna í *Norninni* þar sem aðalpersónan, Alma, verður ástfangin af stelpu sem heitir Indra. Indra er ekki alin upp við sömu forréttindi og Alma. Indra kemur úr flóttamannabúðum og vill hún ekki mikið tala um fortíð sína. Fortíð þeirra er mjög ólík og koma oft upp menningarlegar deilur þeirra á milli, sem Indra á erfitt með að sætta sig við. Indra telur að Alma sé alin upp í vernduðu umhverfi og hafi því ekki séð mikið, þar af leiðandi kallar hún hana „forréttindaprinsessu“. Jafnframt má horfa til ástarsambands þeirra Ölmur og Indru. Þrátt fyrir að samkynhneigð sé litin öðrum augum í dag og talin sjálfsagðari en áður er það samt sem áður mikilvægt umræðuefni og snertir grunnþáttinn jafnrétti, sem snýr að kynhneigð.

Í *Ljóninu* kemur fyrir atvik þar sem Kría segir upp strák sem hún hafði átt í stuttu sambandi við, en hann heldur að það sé vegna þess að hann hafi ekki viljað sofa hjá henni. Eftirfarandi dæmi lýsir vel þeirri kynímynd sem gjarnan ríkir í samfélaginu, þó að hún hafi farið minnkandi:

„Sko, okkur er innrætt að við eigum alltaf að vera sexí og sætar og það sé það sem skiptir mestu máli í lífinu. En svo erum við láttnar skammast okkar fyrir að vilja kynlíf. Ég meina, eigum við að vera fokking kynverur eða ekki? Ákveddu þig, heimur! Þetta er bara fokking drusluskömmun og ekkert annað. Þú ert bara að drusluskamma sjálfa þig, Kría. Og þú skalt steinhætta því. Bara á stundinni. Þú mátt vera eins mikil drusla og þér sýnist og það er bara nákvæmlega ekkert að því. Og hana-fokking-nú.“ (Hildur Knútsdóttir, 2018, bls. 287).

Í *Skóginum* er dæmi um mismunun þegar Sylvía kemur fyrst í nýja heiminn. Þá útskúfa allir þorpsbúar hana, þar sem þeir halda að hún sé illur andi:

„...Síðan fóru þau að kasta steinum í mig. Ég fékk einn í hausinn og það fór að blæða. Kannski vankaðist ég. Ég reikaði burt, stefnulaust, enda grét ég svo mikið að ég sá varla niður fyrir fæturna á mér...“ (Hildur Knútsdóttir, 2020, bls. 239).

Oft myndast fordómar einmitt vegna hræðslu, þar sem við hræðumst oft það óþekkta. Sýlvía var ólík öllum þeim sem í þessum heimi bjuggu og vissu þorpsbúar þar af leiðandi ekki hvað hún væri eða hvaðan hún kom. Þrátt fyrir alla þessa hræðslu þorpsbúa voru einhverjir sem fundu eflaust til sektarkenndar og færðu henni mat, en þó í hæfilegri fjarlægð: „Og þá gerðist það undarlega; þau gáfu mér mat” (Hildur Knútsdóttir, 2020, bls. 241).

Það sem felst í jafnréttismenntun er gagnrýnið álit á ákveðin áform samfélagsins og stofnana þess með það að markmiði að börn og ungmenni skilji aðstæður þeirra sem njóta forréttinda og einnig hinna sem sæta mismunun. Það sem tilheyrir jafnréttismenntun er til að mynda fræðsla um kyn og kynhneigð. Með þessum grunnþætti er meðal annars kveðið skýrt á um að tekin sé fyrir fræðsla um þjóðerni, menningu, trúarbrögð, tungumál og skoðanir á lífinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 22). Þegar þrífleikurinn er skoðaður með tilliti til jafnréttis má sjá að þar er margt sem á við. Hægt er að grípa tækifærið og ræða málefni sem snerta grunnþáttinn jafnrétti þegar lesnar eru bækur líkt og þrífleikur Hildar, þar sem gjarnan er að finna dæmi í þeim sem kjörin eru til jafnréttismenntunar.

6.5 Sköpun

Menntun er sjálfsköpuð leið einstaklings til þess að skapa nýja þekkingu út frá þeirri fyrri. Meðfædd forvitni og löngun til að skapa er lykillinn að athafnasemi sem leiðir aftur til aukins áhuga á nýjum hlutum í námi. Baráttan við það að ná utan um viðfangsefnið felur í sér laun í sjálfu sér. Nýir möguleikar í sköpun opnast þegar beitt er gagnrýninni hugsun. Sköpun felst ekki einungis í nýju og nýstárlegu, heldur einnig í því að nýta það sem til er á nýjan hátt. Sköpun snýst því um að leysa verkefni og finna nýjar aðferðir. Þannig blandast saman sjálfbærni og læsi í víðum skilningi við sköpun. Öll menntun er í rauninni byggð á sköpun og allir grunnþættir menntunar spila þar inn í. Til að mynda er rökhugsun uppspretta allra grunnþátta menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 24).

Það er nánast ómögulegt að minnast ekki á grunnþáttinn sköpun í tengslum við þrífleikinn bæði þar sem hann er í rauninni sköpun í sjálfu sér og einnig þar sem grunnþættirnir sjálfbærni og læsi í víðum skilningi fléttast inn í hann. Í þrífleikum eru tekin fyrir ýmis málefni sem krefjast bæði ígrundunar og gagnrýnnar hugsunar. Eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) felst sköpun í: „hagnýtingu hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 24).

Dæmin sem tekin eru hér að ofan eiga einnig vel við grunnþáttinn sköpun þar sem lesandi fær tækifæri til að efla þessa þætti til þess að leggja mat á og móta sín eigin viðhorf á því sem hann les.

7 Umræður

Hægt er að tengja alla grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla við efnistöð þríleiks Hildar Knútsdóttur. Grunnþáttunum sköpun, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og heilbrigði og velferð verður þó ekki náð nema að grunnþátturinn læsi sé undirstaðan. Með því að nálgast þessa þætti er hægt að tryggja góða og vandaða bókmenntakennslu sem gagnast nemendum á unglíngastigi til betri skilnings og þekkingar á ýmsum sviðum. Því teljum við bækurnar eiga heima í kennslu í grunnskólum landsins. Bækurnar þrjár eru vissulega ólíkar og því mögulegt að kenna þær hverja í sínu lagi. Þrátt fyrir það teljum við að best sé að kenna þær saman, þar sem þær mynda í rauninni eina heild.

Í gegnum lífið stöndum við jafnan frammi fyrir því að þurfa að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf okkar og jafnvel samfélagsins sem við tilheyrum. Hildur fær lesendur sína til að hugsa og fá ábyrgðartilfinningu með umfjöllun sinni um loftslagsbreytingar í þríleik sínum. Þar sem hún notar okkar nærumhverfi sem sögusvið fyrstu tveggja bókana og fær þannig lesendur til þess að ímynda sér fyrir alvöru hvaða áhrif loftslagsbreytingar geta haft. Í bókunum þremur eru þrjár kynslóðir kvenna og hafa þær allar ólíkan hugsunarhátt gagnvart jörðinni og því sem er að gerast. Kría elst upp við loftslagsbreytingar á byrjunarstigi en móðir hennar, Ragnheiður, veit þó hvað er í vændum. Alma getur aftur á móti haft meiri áhrif með sinni kynslóð í þeirri byltingu sem er að hefjast. Með þessum þremur ólíku hugsunarháttum eru lesendur Hildar neyddir til að taka eigin ákvarðanir um sitt viðhorf þegar kemur að þessum tilteknu málefnum. Þar sem markhópurinn er ungir einstaklingar má segja að Hildur sé að hvetja ungt fólk til að láta sig framtíðina varða með því að koma skoðunum sínum á framfæri.

Margar aðstæður sem við upplifum á lífsleiðinni krefjast þess að við beitum gagnrýninni hugsun. Það er því mikilvægt að efla og kenna unglíngum og ungmennum að beita gagnrýninni hugsun þar sem þau eru að móta sínar eigin skoðanir og viðhorf sem þau taka síðan með sér út í lífið. Í flestum þessara grunnþátta þarf gagnrýna hugsun til dæmis þegar kemur að jafnrétti, en það er málefni sem kemur okkur öllum við og er því nauðsynlegt að leggja áherslu á og ræða um það í skólum. Í þríleiknum kemur Hildur gjarnan málefnum jafnréttis á framfæri með andstæðum og fær lesandinn því tækifæri til að taka afstöðu og meta rétt frá röngu. Hildur notar einnig öfgakennda atburði út frá ákveðnum málefnum sem fær lesandann til þess að átta sig á því hvað felist í lýðræði og lýðræðissamfélagi.

Heilbrigði og velferð koma fyrir í bókunum og er það hlutverk kennara að grípa réttu augnablikin og aðstæður til þess að minna unga fólk á mikilvæga þætti sem snerta

velferð og heilsu þeirra. Unglingar og ungmenni eru á því skeiði þar sem mótunarferli á sér stað og því mjög viðkvæmur aldur. Hormónarnir eru þar af leiðandi á fullu og tilfinningarnar geta haft mikil áhrif. Það er því nauðsynlegt að ungt fólk átti sig á mikilvægi þess að byrgja ekki allt inni, heldur að ræða við einhvern sem þau treysta. Jafnframt þurfa þau að átta sig á mikilvægi þess að virða skoðanir annarra, en á sama tíma að láta þær skoðanir ekki hafa áhrif á sig.

Eins og komið hefur fram kveður Aðalnámskrá ekki á um hvers konar bókmenntagreinar eða bókmenntatexta taka eigi fyrir í bókmenntakennslu í grunnskólum landsins (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 94). Val á bókmenntum getur því reynst krefjandi og því má segja að mikil ábyrgð sé lögð á herðar kennara þegar kemur að bókmenntavali. Kennarar þurfa því að vera vel vakandi yfir því úrvali sem stendur til boða og hvort það gæti náð til nemenda sinna á sama tíma og það uppfyllir kröfur námskrárinnar.

Gríðarmargt þarf að hafa í huga til þess að vekja áhuga á sama tíma og þekkingaröflun á sér stað. Einnig þarf að hafa í huga líkt og fram kemur í *Íslenskri bókmenntasögu V* að börn vilja gjarnan lesa upp fyrir sig aldurslega séð (Margrét Tryggvadóttir, 2006, bls. 333). Það er þó ekki þar með sagt að við eigum að láta börn og unglinga lesa bækur ætlaðar fullorðnum líkt og gjarnan tíðkast í skólum landsins, þar sem börn og unglingar eiga erfitt með að tengjast þeim raunheimi sem fullorðnir einstaklingar búa við. Þá er einnig mjög áhugavert að lítið sem ekkert eru notaðar bækur sem falla undir furðusögur eða fantasíur í kennslu, þrátt fyrir að vinsældir þeirra hafi aukist meðal barna og unglinga. Þá virðast skólar landsins heldur nota eldri bækur, líkt og kom fram í ÍNOK-rannsókninni, en það eru iðulega bækur sem eru fjarri raunveruleika nemenda. En fantasíubækur efla ekki aðeins sköpun og ímyndunarafli heldur eru þær einnig mjög eftirsóknarverðar meðal barna og unglinga. Bækur Hildar falla undir þennan flokk bóka og má því sjá að þrátt fyrir að flokkast sem fantasíur hafa þær einnig að geyma mikinn lærdóm og eiga bækurnar því vel heima í kennslu í grunnskólum.

8 Lokaorð

Þegar horft er aftur til íslenskrar bókmenntakennslu má sjá að margt hefur breyst. Íslensk bókmenntakennsla átti í rauninni rætur að rekja til kristinnar trúar þar sem lesefnið var gjarnan af þeim toga. Bókmenntakennsla hefur verið lítið sem ekkert rannsökuð, þrátt fyrir að vera talinn einn viðamesti þáttur íslenskunnar. Samkvæmt ÍNOK-rannsókninni virðast ungmenni nú til dags bera neikvæðan hug gagnvart bókmenntum, þar sem þau tengja þær fremur við próf og lærdóm heldur en skemmtun. Á sama tíma virðast ungmenni í dag lesa meira af efni í gegnum veraldarvefinn heldur en bækur. PISA-prófin hafa sýnt fram á tengingu lesskilnings við áhuga á bóklestri og því er augljóst að áhugi og árangur haldist í hendur. Lestur nemenda virtist hvíla þungt á herðum kennara og áttu þeir allir það sameiginlegt að reyna allt sem í valdi þeirra stóð til að kveikja áhuga nemenda sinna á lestri. Þrátt fyrir þessa viðleitni kennara virtist bókmenntaval þeirra standa í stað.

Mikið ætti að hafa breyst þegar kemur að bókmenntavali miðað við allan þann fjölda barna-, unglinga- og ungmennabóka sem eru á boðstólum, en samt sem áður er það ekki raunin. Kennarar eru í rauninni sjálfráðir hvað varðar efni til bókmenntakennslu, en samt virðast flestir velja það sama. Þá veltir maður fyrir sér hvers vegna það er. Eins og komið hefur fram hér að ofan hafa rannsóknir, bæði hérlendis og erlendis, sýnt fram á sterkt samband milli áhuga og lestrarfærni. Jafnframt hafa rannsóknir, líkt og rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sýnt fram á aukinn áhuga nemenda á fantasíubókmenntum. Staðreyndin er hins vegar sú að barna- og unglingabækur eru fátíðar í skólum landsins og skólabókasöfnin glíma við fjárskort til þess að geta aukið úrval bóka á söfnum sínum og er það mikið áhyggjuefni.

Eftir að hafa skoðað hvernig hægt væri að nýta fantasíubókmenntir, líkt og þrileik Hildar Knútsdóttur, í bókmenntakennslu á unglingastigi í grunnskólum landsins og um leið efla grunnþætti menntunar, teljum við það vel framkvæmanlegt. Þrileikur Hildar býður fyrst og fremst upp á mikið skemmtanagildi en einnig snerta málefni bókanna raunheim ungmenna. Þar af leiðandi ætti þrileikurinn að höfða til ólíkra nemendahópa og jafnframt stuðla að jákvæðri lestrarupplifun, á sama tíma og lesskilningur verður betri. Jafnframt teljum við að grunnþættir menntunar komist vel til skila í kennslu með þessum bókmenntum, þar sem þær innihalda mikilvægan fróðleik. Miðað við þrileik Hildar teljum við að vel sé hægt að nýta fantasíur í bókmenntakennslu á unglingastigi, en eins og með aðra bókmenntaflokka þarf vissulega að vanda valið, þar sem fantasíubækur eru jafn ólíkar og þær eru margar, líkt og með allar aðrar bækur. Það er því vissulega mjög

vandasamt verk fyrir kennara að velja bækur sem uppfylla kröfur námskrárinnar, á sama tíma og þær vekja áhuga nemenda og snerta þeirra raunheim og væntingar. Þrífleikur Hildar rímar á skemmtilegan og fjölbreytilegan hátt við alla grunnþætti menntunar og því tilvalinn í kennslu á unglíngastigi, jafnvel líka á miðstigi. Kennari getur valið úr fjölmörgum viðfangsefnum bókanna til ígrundunar og fræðslu í ólíkum nemendahópum og jafnframt aukið þekkingu þeirra á grunnþáttum menntunar.

Með umfjölluninni hér að ofan hefur verið sýnt fram á þá möguleika sem bækurnar þrjár búa yfir. Möguleikarnir felast ekki einungis í kennslu í bókmenntum, þar sem grunnþættirnir endurspeglast allir í bókunum. Við teljum því að bækurnar þrjár, *Ljónið*, *Nornin* og *Skógurinn* eigi fullt erindi í kennslu í grunnskólum landsins og þá ekki einungis bókmenntakennslu. Við teljum að með þessari umfjöllun séum við að opna fyrir kennurum og kennaranemum inntak grunnþáttanna og fjölbreytt gildi bókmennta í kennslu í grunnskólum landsins. Einnig vonum við að bókmenntaflokkurinn fantasíur fái sinn sess í bókmenntakennslu þar sem ungmenni virðast kalla eftir því. Þar sem áhugi og lestrarfærni tengjast náið, má velta má fyrir sér hvort viðhorf, áhugi og framvinda nemenda yrði jákvæðari gagnvart bókmenntakennslu í skólum landsins ef fantasíubókmenntir yrðu að raunveruleika í kennslustofunni.

Heimildaskrá

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (e.d.). Barnabókmenntir. *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/150>

Ásgrímur Angantýsson, Brynhildur Þórarinsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Finnur Friðriksson, Jón Yngvi Jóhannsson, Kristján Jóhann Jónsson og Sigurður Konráðsson. (2018). Framkvæmd. Í Ásgrímur Angantýsson og Kristján Jóhann Jónsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 27-39). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ásgrímur Angantýsson og Kristján Jóhann Jónsson (ritstjórar). (2018). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. (2013). Furðusögur á Fróni. *Börn og menning*, 28(1), 18-21.

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2011). Er hjartað hætt að slá? Skólabókasöfn á krepputímum. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII*. Félags- og mannvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011, bls 133-140. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Lestur og læsi. Í Ásgrímur Angantýsson og Kristján Jóhann Jónsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 41-82). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjalmsdóttir. (2012). Bóklausir og bókaormar: Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglunga í alþjóðlegu ljósi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/004.pdf>

Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Bókmenntir og bókmenntakennsla. Í Ásgrímur Angantýsson og Kristján Jóhann Jónsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og*

framhaldsskólum (bls. 83-134). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Freyja Birgisdóttir. (e.d.). Orðaforði. *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika*.

Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/231>

Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri). (2006). *Íslensk bókmenntasaga V*. Reykjavík: Mál og menning.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tólmstundavenjum nemenda í 10. bekk. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3(1), 60-81.

Guillory, J. (1993). *Cultural capital: The problem of literary canon formation*. Chicago: University of Chicago Press.

Hildur Knútsdóttir. (2018). *Ljónið*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Hildur Knútsdóttir. (2019). *Nornin*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Hildur Knútsdóttir. (2020). *Skógurinn*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Hildur Knútsdóttir. (e.d.). Forsíða. Sótt af <https://www.hildurknutsdottir.com>

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008). Aðalnámskráin 1976-1977 og nútímaleg kennslufræði. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Síðara bindi. Skóli fyrir alla 1946-2007* (bls. 120-135). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Katrín Lilja Jónsdóttir. (2020, 1. mars). Týnumst í furðuheimum. *Lestrarklefinn*. Sótt af <https://lestrarklefinn.is/2020/03/01/tynumst-i-furduheimum/>

Kristján Jóhann Jónsson, Ásgrímur Angantýsson, Brynhildur Þórarinsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Finnur Friðriksson, Jón Yngvi Jóhannsson og Sigurður Konráðsson. (2018). Inngangur. Í Ásgrímur Angantýsson og Kristján Jóhann Jónsson (ritstjórar),

Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum (bls. 13-25). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lesskilningur. (e.d.). *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/137>

Loftur Guttormsson. (2008). Fræðsluhefðin: kirkjuleg heimafræðsla. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi. Skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 21-35). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um loftslagsmál nr. 70/2012.

Margrét Tryggvadóttir. (2006). Íslenskar barnabækur eftir 1970. Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga V* (bls. 315-371). Reykjavík: Mál og menning.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Ólafur Rastrick. (2008a). Hefðbundnar kjarnagreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi. Skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 180-193). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Rastrick. (2008b). Námsgreinar og námsefni. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi. Skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 163-177). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sívía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Jóhanna Ella Jónsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2011). Leið til læsis. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk*

grunnskóla (bls. 11-14). Sótt af

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/leid_til_laesis/files/assets/common/downloads/publication.pdf

Steinunn Torfadóttir. (e.d.). Hvað er lestur? *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/131>

Sverrir Norland. (7. júní 2019). Á spjalli við Klappir: Hildur Knútsdóttir. *Klappir*. Sótt af <https://klappir.com/en/a-spjalli-vid-klappir-hildurknutsdottir>

Puríður Jóhannsdóttir. (1995). Mýtan um bókaþjóðina og unglingsbókmenntir á Íslandi. *Skíma*, 18(1), 24-27.